

Andstaða gegn kirkjunni?

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

„ Klæðist alvæpni Guðs, til þess að þér getið staðist vélabrögð djöfulsins. Því að baráttan, sem vér eigum í, er ekki við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonskunnar í himingimnum. Takið því alvæpni Guðs, til þess að þér getið veitt mótstöðu á hinum vonða degi og haldið velli, þegar þér hafið sigrað allt. Standið því gyrtir sannleika um lendar yðar og klæddir brynju réttlætisins og skóaðir á fótunum með fúsleik til að flytja fagnaðarboðskap friðarins. „ (Efe 6:11-15)

Andstaðan er mikil og mótstöðumennirnir margir. Kirkjan á undir högg að sækja nú jafnt og á öðrum tímum sögunnar. Hvert feilspor sem kirkjunnar menn taka notfæra andaverur vonskunnar sér til frekari andstöðu og niðurrifs og fara hamförum í samfélaginu til að koma á neikvæðu umtali hjá mönnum og sjá til þess að umræðan gerist bæði hörð og ómálefnaleg og þrungen hita og tilfinningasemi. Að hafa bara nógu mikið af tilfinningum með í spilunum er allt heila málið hjá þessu illa afli. Andaverur vonskunnar eru raunveruleiki og ekkert lamb að leika sér við.

Umhverfi andstöðunnar birtist fólki alltaf annað veifið og er hluti af kirkjusögunni og til þess eins gert að rýra gildi hennar og boðskapinn sem hún flytur í samtímanum. Allt skipulagt og segir okkur með skírum hætti að til er afl í þessum heimi sem fylgist með þeim sem Kristur hefur þegar dregið yfir frá dauðanum til lífsins. Það veit að hverfi fólk úr röðum Krists hefur aflið sem býr í trú fólks minnkað sem því nemur. Allir menn skipta máli:

„ Heyrið orð þessa sáttmála. Tala þú til Júdamanna og Jerúsalembúa og seg við þá: Svo segir Drottinn, Ísraels Guð: Bölvaður sé sá maður, sem ekki hlýðir á orð þessa sáttmála, er ég bauð feðrum yðar að halda, þá er ég leiddi þá burt af Egyptalandi, út úr járnbræðsluofninum og sagði: Hlýðið skipunum mínum og breytið eftir þeim, með öllu svo sem ég býð yður. Þá skuluð þér vera mín þjóð og ég skal vera yðar Guð, til þess að ég fái haldið þann eið, er ég sór feðrum yðar, að gefa þeim land, sem flýtur í mjólk og hunangi, landið, sem þér eigið enn í dag. Og ég svaraði og sagði: Veri það svo, Drottinn! „ (Jer 11:2-5) En fáum við Orð um mikilvægi þess að gera það sem Drottinn bíður.

Munum að í hvert skipti sem aðför er gerð að kirkjunni má ávallt rekja hana til atburða og verks sem gerðist eða átti að hafa gerst hjá kirkjunnar fólki sem svo barst út, hvernig svo sem það gerðist, og út til heimsins. Kirkjan sjálf, réttara sagt verkin þar, unnin af mönnum, er alltaf byrjunin á svona lönguðu og beinist gagngert gegn kirkju Krists, hvort sem ákæran er uppspuni, eins oft er. Þó ekki alltaf svo, sem er vitaskuld miður.

Í grunninn snýst málið ekki um menn, hold og blóð, heldur Krist og því sem hann stendur fyrir í föllum syndum ofnum heimi. Við höldum auðvitað áfram að elska bræður og systur.

Heimurinn er samur við sig. Og með sinn bloggheim í dag og alla þessa fjölmiðla byrjar ýmislegt að loga við minnstu hreyfingu. Og kirkjunnar fólk fær verri útreið á þessum stöðum en aðrir vegna tengsla sinna við kirkjuna og málið gert alvarlegra en efni standa til. Fer eftir upplagi fjölmiðlanna hversu hart þeir ganga fram í sinni umfjöllun. Oftar en ekki verður umræðan um málefni kirkjunnar hörð og miskunnarlaus og full fordóms og illsku og er engin furða sé horft til þess hvaðan eldurinn sá arna kemur. Við slíka atburði, og endurtekna, verður kirkjan fyrir fjölda manns að einhverju sem best sé að fordast og menn leggja sig fram um að setja steina í götu þessarar þarna - kirkju. Réttara sagt Orðsins. Það skal þagna. Sem er kjarni málsins. Horft með þessum augum sem hér er gert.

Þegar svo langt er komið og fólk farið að hugsa til kirkjunnar á þennan veg hefur ákveðnum tilgangi andavera vonskunnar verið náð. Blekking Satans leiðir til þess að fólk snýst gegn sínum eigin líffgjafa og FRELSARA. Höfum þó hugfast að Kristur hefur ekki sleppt tókunum og mun síðastur tala.

Hversu margir vilja byrja kristilegt starf og aðhlyningar starf í anda Krists í slíku umhverfi? Ekki margir og færri en væri á meðan lognið lék við hár og vanga. Það er ljóst. Af hverju? Spjótunum hefur verið beint að Kristi sem færði jarðarþúfum sannleikann og afhjúpaði Satan og vond verk hans. Spjótin eru ástæðan. Og í stað þess að leggjast á árararnar með kirkjunni kemur fólkið gegn henni vegna þess að syndugt eðli fallins manns sér ekki sitt eigið hjálpraði og tekur því við röngu fæði sem það svo nærir sig á. Eldinum er viðhaldið af Satani svo lengi sem stætt er. Í raun má segja að þessar raddir hljóðna ekki fyrr heldur en Jesú lyftir hendi og segir: „Nú er nóg að gert.“ Þá fyrst kemst á friður. Fyrr ekki. Allt vald er hjá Jesú.

Sumir fjölmiðlar, í vandaðri kantinum, vilja fara mildum höndum um svona mál, taki þeir þau á annað borð til umfjöllunar en breytir ekki hinu að umsagnir af þessum toga eru fyrst og fremst aðför að því sem er Krists og andaverur vonskunnar nota gagngert til að fæla fólk frá heilnæmum boðskapnum og að kynnast sannleikanum. Umfjöllunin er enda ekki til að draga fram sannleika málsins heldur svarta, blekkja og gera lítið úr mikilvægum verkum kristni og kirkju og vera með í hrópunum. Munum að kirkjan hefur staðið af sér marga hríðina og mörg gerningaveðrin og mun standa áfram á sínum fjallstindi. Kristur hefur sjálfur boðið svo. Og mikilvægast af öllu er að kærleikur Drottins stendur óhaggaður.

En hversu marga fælir svona vitleysa ekki frá? Heimurinn liggur allur í hinum vonda og er aflið sem ræður heiminum og grípur það sem þar er og notar sjálfu sér í vil. Í þau fáu skipti sem heimsins fjölmiðlar nefna kirkjuna nafni er það yfirleitt í neikvæðum skilningi. Margt gott gerist innan veggja kirkjunnar sem fólk vill sjá þó ekki væri nema til að fá örlítið meiri jákvæðni inn í fréttirnar og smá hvíld.

Syndarinn þarfnast Krists og fegurðar hans. Fólk Krists er framrétt hönd Krists og munnur Krists. Fólk Krists sýni því ábyrgð og aðgæti sporin sín vandlega. Við höfum séð afleiðingarnar af ógætni. Og illskan yggjir sig framan í okkur:

„ Og er hann sá, að Gyðingum líkaði vel, lét hann einnig taka Pétur. Þá voru dagar ósýrðu brauðanna. Þegar hann hafði handtekið hann, lét hann setja hann í fangelsi og fól fjórum fjögurra hermanna varðflokkum að gæta hans. Ætlaði hann eftir páska að leiða hann fram fyrir lýðinn. Sat nú Pétur í fangelsinu, en söfnuðurinn bað heitt til Guðs fyrir honum. Nóttina áður en Heródes ætlaði að leiða hann fram svaf Pétur milli tveggja hermanna, bundinn tveim fjötrum, og varðmenn fyrir dyrum úti gættu fangelsisins. Allt í einu stóð engill Drottins hjá honum og ljós skein í klefanum. Laust hann á síðu Pétri, vakti hann og mælti: Rís upp skjótt! Og fjötrarnir féllu af höndum hans. „ (Post 12:3-7) Hver annar en Satan fyrir þjón sinn Heródes lét handtaka Guðsmanninn Pétur. Til stóð að höggva Pétur með sverði alveg eins og gert var við Jakob bróðir Jóhannesar. Og hverjar voru sakirnar gegn Pétri. Heródes sá að Gyðingunum líkaði verk hans vel að láta höggva Jakob. Pétur skildi fá sömu útreið. Engar sakargiftir. Sjáum við ekki fingur Satans í verkinu? Hvar sem Satan er þar er dauðinn líka með í för. Drottinn er aðilinn sem bjargar. Þetta hefur ekkert breyst.

Kirkja Krist, kristnir menn og konur eru sem fyrr skotmarkið. Markmiðið er að ýta kirkjunni út af borðinu til að draslið fái þar rými. Með því að fella kristna menn minnka áhrif kirkjunnar og hans eigin áhrif aukast og hann nær að taka sér þau völd og staðsetja sig þar sem þarf og spyr engan og einskis og heldur sínum sjálfteknu völdum uns Kristur ákveður annað. Tíminn þarna á milli er tími hörmunga og niðurlægingar fyrir fólk og þjóðir. Hversu mikið er ekki einmitt ekki hrópað af bænnum

upp til Drottins á dögum harðræðis og hörmunga í löndum heims sem vel hefði mátt komast hjá að lenda í með því að muna eftir Kristi í deginum? Og saklaust fólk líður.

En hvað er hægt að gera þegar slík óáran hvolfist yfir? Fátt nema bíða og gæta sín á að eigin trú veiklist ekki heldur haldi styrk sínum og nái að eflast. Svona getur hvatt okkur enn frekar til að vera í Kristi og gera vilja Krists og keppa eftir því að vera þar sem Kristur er framborinn til að mögulegt sé að eignast allan styrk í hjartað sem nauðsýnlegur er:

„ Möglið ekki heldur eins og nokkrir þeirra mögluðu, þeir fórust fyrir eyðandanum. Allt þetta kom yfir þá sem fyrirboði, og það er ritað til viðvörunar oss, sem endir aldanna er kominn yfir. Sá, er hyggst standa, gæti því vel að sér, að hann falli ekki. „ (1Kor 10:10-12) Hér fáum við nokkur góð Orð sem vel geta varið okkur í þessum bardaga sem við eigum nú í og hinum sem er framundan. Að forðast þetta er gæfuspor og mun leiða manninn lengra fram á veginn heldur en hinn sem dettur inn í þessa hringrás og festist þar eins og rammflæktur þorskur í þorskaneti. En og aftur má benda á áreiðanleika Biblíunnar og að hún er mannum ætluð.

Hvað gerir möglið í röðum hinna endurfæddu? Möglið kærur vinir er í alla staði magnað fyrirbrigði með gríðarleg áhrif. En þó ekki til góðs heldur kallar mögl mannsins Satan á svæðið. Hið góða og illa er á tungunnar valdi.

Í heimi Satans eru engar varnir uppi og geta heldur engar verið nema þá þær sem snúa að kirkjunni og felast í því að fólk fari ekki þangað inn né leiði huga sinn að henni með neinum jákvæðum hætti. Þarna á milli er veggur sem syndin sjálf hefur gert og viðheldur. Til þess að allt sé nú traust og tryggt þarna þarf mikið af lygum.

Menn geta rétt ímyndað sér hvort það sé ekki fagnaðarefni í ranni Satans og ára hans og púka er kirkjunnar maður mistígur sig. Satan hefur aðgang að öllu veldi jarðarinnar og nýtir sér hverja færa leið sem má verða til tjóns kirkjunni. Og líka gerir. Haldið þið að sjónvarpið sé laust undan áhrifum frá Satani. Ó nei.

Oftar en ekki verður til stormur í vatnsglasi sem orsakar að fólk hrökklast frá og sést jafnvel ekki oftast inn í kirkjuna og þykkt steypulag hefur bæst utan á vegginn sem þegar er uppsettur milli kirkju og fólksins og verður af sterkari. Einu varnir Satans eru endalausar lygar hans. Sem og skírir alla þess svokölluðu guði sem saklaust fólk fellur fram fyrir í góðri trú. „ **Sá, er hyggst standa, gæti því vel að sér, að hann falli ekki.** „

Allar alvöru varnir fást í Kristi. En til þess að þær komist upp þarf maðurinn þá að trú á Krist.

Hvað vill þetta segja okkur? Við sem tilheyrum Jesú verðum að aðgæta hvert okkar spor og megum aldrei gleyma því eitt augnablik lífsins hverjum við tilheyrum. Jesú Kristi.

Elsku vinir! Bæri okkur gæfa til að fara eftir orðum ritningarinnar væri hér margt í betri farvegi. Næðum við að skilja við hvaða afl er að eiga mundum við halda okkur þéttar upp að Kristi og hrasanir yrðu færri í vorum hóp.

Atgangurinn utan veggja kirkjunnar er mikil og beinist að henni og innviðum hennar og hart dæmt.

En þetta sem gerist utan veggjana er ekki algenga aðferðin sem andaverur vonskunnar nota til að klekkja á kirkjunni og gera hana máttlausu og aðsópslitla í umhverfinu með lítið aðdráttarafl. Utan veggja aðferðirnar eru svona tarnavinna í veröld andavera vonskunnar sem varir í svo og svo langan tíma í senn og liggja niðri á milli. Aðrar aðferðir eru algengari og notadrýgri og öllu lyskulegri og nær okkur sem trúum og lifum með Kristi og viljum ýmislegt sem má verða til vegsauka honum sem

dó í mannsins stað. Slagurinn fyrir utan og orrahríðin þar blasir við sérhverju auga. Oft til að vekja menn og konur Krists. Drottinn getur notað allar kringumstæður.

Við viljum ýmislegt og hjartað slær fyrir Krist. Engin vafi leikur á því hjá manneskju sem er endurfædd að Kristur verður henni afskaplega kær. En það er ekki nóg þegar við horfum til allra þátta og þess sem Jesú sjálfur hefur talað. Á þetta horfir óvinarins her og hefur sína öflugustu púka í að fylgjast með. Þarna er aðal svæðið sem hann reynir að koma sér fyrir á og er vakandi fyrir. Þangað fýsir hann að ná. Þarna gerir hann allt sem hann kann, sem er ýmislegt, og reynir að smeygja sér inn um hverja smugu sem opnast í hópnum til að vinna sín skemmdarverk á honum. Og þar er ekki farið í manngreinaralit, trúið því. Allur söfnuðurinn er undir. Óvinurinn er ekki eins og Jesú sem er heiðursmaður og kemur ekki óbeðin í veisluna. Þvert á móti þá ryðst hann inn á skítugum skónum og læsir klónum í manneskjuna og sleppir ekki taki sínu á henni fyrir heldur en hróp berst til Krists. Hvað gerst hefur þangað til hrópið berst er engin leið að geta sér til um en ljóst að fátt gott var það. Það er að segja náái hún að vakna á nýjan leik og hrópa. Sem alls ekki er víst að gerist. Satan og aflið sem hann stendur fyrir er öflugt og kann ýmsar leiðir til að afvegaleiða fólk í ýmsar áttir og slá það með blindu að ekki er ávallt augljóst hvað sé í gangi né heldur hvert stefni. Þetta krefur manninn um að eiga til vakandi trú og trú á Jesú í deginum. Aftur komum við þessum mikilvæga þætti. Trú hér og nú. Alltaf sama sagan og ítrekuð sama hvatningin.

Á hvað horfir skelmirinn og hverju hefur hann áhuga á? Fyrst og fremst huga mannsins, holdi mannsins, vilja mannsins, tilfinningum mannsins, veikleika mannsins í sínum eigin mætti. Allt nauðsýnlegt fyrir skelminn. Í styrknum sem Drottin gefur manninum er hann fyrirfram sigraður. Sú leið er honum algerlega ófær. Endurtek: Algerlega ófær. Þetta veit hann og á ekkert meira við hana sem slíka. Enda klókari en svo:

„ Verið í mér, þá verð ég í yður. Eins og greinin getur ekki borið ávöxt af sjálfri sér, nema hún sé á vínviðnum, eins getið þér ekki heldur borið ávöxt, nema þér séuð í mér. Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt, sem er í mér og ég í honum, en án mín getið þér alls ekkert gjört. Hverjum sem er ekki í mér, verður varpað út eins og greinunum, og hann visnar. Þeim er safnað saman og varpað á eld og brennt. „ (Jóh 15:4-6) Þetta er árásarsvæðið. Þarna reynir hann alla sína klæki til að draga manninum frá þessum styrk sem Jesú hefur sett í hann fyrir sinn Heilaga Anda til að hann sjálfur geti gert sínar atlögur og valdið sínum spjöllum á trúarlífi mansins. Það þarf nefnilega fyrst að koma gat á verndarvegginn í kringum einstaklinginn og gerist einvörðungu ef einstaklingurinn heimilar. Og heitir á máli Biblíunnar vantrú. Vantrúna getur skelmirinn sem sagt notfært sér og er það sem hann er á höttunum eftir innan raða safnaðarins.

Og hvernig kviknar svo vantrúin? Í fyrra Korintubréfi tíunda kaflanum kom fyrir orðið: „ Mögl. „

Önnur orð er einnig til. Eins og „ nöldur, vanþakklæti „- og fjöldann allur af öðrum orðum sem hægt væri að tína þarna til sem benda til vantrúar fólks og er oft upphaf annars og verra hjá því. Líka mér, gæti ég mín ekki.

Efi kemur upp hjá einhverjum og er afskapleg algengur í vorum röðum! Skelmirinn leggur við eyra til að hlusta á þessa efablöndnu rödd. Vantrú hjá sama aðila lætur á sér bæra, helst oft í hendur við efann! Skelmirinn hefur nú bæði eyru opinn. Orð eru sögð og ekki af trú í bland við hégómlegt tal alls ótengt heilnæma Orði Guðs. Aftur er sami aðili að verki! Við sjáum að hér er ákveðið ferli komið af stað og vel áleiðis. Skelmirinn merkir sér viðkomandi manneskju og leggur á hana sína áherslu og bíður átekta eins lengi og þarf og stekkur á réttu augnabliki þegar trúin í hjartanu er bara glóðin ein. Varnir eru nú litlar uppi og léttur leikur fyrir skelminn að hlaupa sem hraðast þangað með sitt glott á vör. Eina sem getur bjargað fólkinu frá því að lenda í þessu, annað orð yfir hamfarir fyrir hann eða hana sem í lendir, er að snúa við og komi sér aftur heilshugar til Jesú. Og viðkomandi hefur forðað sér frá margskonar harmkvælum. Hann fékk aðeins smjörþefinn af öllu því sem Satan

vildi hvolfra yfir hann. Bara smjörþefinn. Samt nóg til að vekja hann. Finnst okkur þetta vera stórmannlegar aðferðir. Nei. En svona starfar Satan kæri vinur.

Hið veika í manningum er hið áhugaverða og svæðið sem andaverur vonskunnar ráðast vanalega á til að ná stjórn á manningum. Núna hefur djöfsi náð að kveikja eld til að orna sjálfum sér við. En maðurinn er ekki skapaður til að Satan fái ornað sér við sína elda.

Já bræður og systur! Til að óvinnarins veldi geti hafið sín eyðileggingar áform á kirkjunni og söfnuði Guðs þarf það fyrst að draga manning með lygum og freistingum undan náðinni sem umlykur allt trúað fólk. Og hér erum við að tala um verndarvegginn sem Kristur sjálfur setur utan um sína trúuðu. Líka nefnt englavernd. Náð og trú einstaklingsins lætur betur í eyrum höfundar og færir þetta svona nær manneskjunni, einstaklingnum sjálfum.

Vinnir! Til er andstaða. Og stundum er þessi andstaða við hvert fótmál hins trúaða. Allt vegna þess að ákveðin atburður gerðist fyrir margt löngu við tré sem Biblían segir að sé „ Skilningstré góðs og ills. "- Við rætur trésins hófst ógæfa mannkyns sem Kristur kom í fyllingu tímans til að leysa manning frá:

„ Þá fór hann með hann upp og sýndi honum á augabragði öll ríki veraldar. Og djöfullinn sagði við hann: Þér mun ég gefa allt þetta veldi og dýrð þess, því að mér er það í hendur fengið, og ég get gefið það hverjum sem ég vil. Ef þú fellur fram og tilbiður mig, skal það allt verða þitt. Jesús svaraði honum: Ritað er: Drottin, Guð þinn, skalt þú tilbiðja og þjóna honum einum. „ (Lúk 4:5-8) – á göngu freistingarinnar gaf Jesú aldrei eftir í neinu sem kom frá djöflinum heldur benti á Föðurinn og mikilvægi þess að halla sér að honum – einum. Þetta er staðan. Andaverur vonskunnar í himingeimnum eru hér og með sama hlutverk og áður að tæla hvern mann til falls ef verða má.

Og hvað segir ekki Kristur:?

„ Símon, Símon, Satan krafðist yðar að sælda yður eins og hveiti. En ég hef beðið fyrir þér, að trú þín þrjóti ekki. Og styrk þú bræður þína, þegar þú ert snúinn við. „ (Lúk 22:31-32)

Ert þú laminn og barinn af tælingum og freistingum og átt erfitt með að standast þetta? Festu þér Orð Drottins og minni og mundu að hann lifir í dag og fylgist með hverju þínu fótmáli og biður fyrir þér alveg eins og hann sagðist biðja fyrir Símon.

Andstöðuna, kannski ekki rétta orðið en notum það samt hér, má víða sjá og birtist mönnum með margvíslegum hætti innan veggja sjálfrá kirknanna. Oft má sjá þetta í kjark- og áhugaleysi fólks innan safnaðanna sem er tregt við að koma Orðinu út til syndarans sem Jesú dó fyrir. Of margir eru óvirkir og hafast ekki að. Þeir treysta sér ekki og telja sig ekki hæfa og allskonar slíkir þættir eru í gangi sem standast ekki skoðun séð með augum Krists sem sagði að maðurinn ætti eftir að vinna meiri verk heldur en hann sjálfur gerði. Jesú átti þarna við alla en ekki fáa útvalda.

Við sjáum að andstæðingurinn er víða með klærnar en fær þó ekki aðhafst neitt nema maðurinn gefi fyrst sitt leyfi. Í vantrú, í efa, í mögla, með ónærgætenu tali er slíkt gerlegt. En ógerlegt í trú sem tendruð er af kærleika Krists. Enda rótföst trú og áhugaverð sem slík.

Hvað vilja menn? Vera með allar varnir upp og standandi sína vakt með Kristi eða á girðingunni haltrandí til beggja átta með allt raunverulega opið upp á gátt og eiturörvar Satans dynjandi á sér úr öllum áttum sem hver og ein slævir með eitri sínu uns maðurinn hnígur niður af þeirri ástæðu einni að hann tók aldrei ákvörðun. Þetta má ekki svo vera bræður mínir og systur.

Ljóst er að til þess að Orðið berist syndaranum þarf verk. Verk krefjast vinnuframlags. Oft er eigið frumkvæði einstaklinganna lítið og næst einhvern veginn ekki að virkja fólk. Menn hugsa málið og hugsa málið. Og á meðan menn enn hugsa málið líða mánuðir og ár og allt situr við sama og menn eru ennþá jafn hikandi tíu, tuttugu árum seinna. En hverju myndi Kristur svara einstaklingnum bærisk honum spurning um stöðuna? Svar hans yrði skírt: Þetta: „Byrjaðu bara og haltu út. „ Kristur nær ekki að koma því til skila sem þessum tiltekna einstaklingi var ætlað að setja fram vegna hiks hans og stöðugar undanfærslu. Skarð er fyrir skyldi:

„ En Jónas lagði af stað í því skyni að flýja til Tarsis, burt frá augliti Drottins, og fór hann niður til Jaffa. Þar hitti hann skip, er ætlaði til Tarsis. Greiddi hann fargjald og steig á skip í því skyni að fara með þeim til Tarsis, burt frá augliti Drottins. „ (Jónas 1:3) - Hversu lengi skildi Guð hafa elts við Jónas áður en hann fór og flutti erindi það sem Guð var búinn að leggja í hjarta hans og varð til þess að heil borg snérist á augabragði til lifandi Guðs? Kannski var þetta margra ára slagur og eltingarleikur.

Þetta eru sem sagt árársvæðin sem við vitum um en áttum okkur kannski ekki alltaf á að séu í gangi. Hugur okkar er svo oft víðsfjarri öllu sem heitir Jesú. Og hversu oft höfum við ekki reynt að fara skemmri leiðina að markinu einfaldleg vegna þess að við höfum ekki tíma. Tímaleysi okkar breytir ekki Orði Guðs sem segir: „ Hann sagði við þá: Farið út um allan heim, og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni. Sá sem trúir og skírist, mun hólpinn verða, en sá sem trúir ekki, mun fyrirdæmdur verða. En þessi tákn munu fylgja þeim, er trúá: Í mínu nafni munu þeir reka út illa anda, tala nýjum tungum, taka upp höggorma, og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þeim ekki verða meint af. Yfir sjúka munu þeir leggja hendur, og þeir verða heilir. „ (Mark 16:15-18) - Þetta er skipunin og hún tilheyrir öllum sem Jesú hefur að sér tekið og endurfætt og gefið heimild til að komast í ríki Guðs á himnum. Drottinn sendir engan vopnlausan á átakasvæði heldur vel þjálfaðan og í réttum klæðnaði, klæðnaði trúarinnar. Svona fáum við þau öflugustu vopn sem völ er á sem engin annar getur fengið né hefur möguleika á að hvorki nota né eignast. Jesú veit hver hinn raunverulegi andstæðingur er og einnig að útilokað sé að berjast við hann til sigurs með vopnum jarðarbúa, máttlausum orðum jarðarbúa og aðferðum jarðarbúa. Sem engan veginn eru nógu öflug til að fá gert honum minnstu skráveifu og skipta því skelminn engu einasta máli. Þetta, jafnvel allt saman, hægir ekki einu sinni á honum. Hvaða annað vopn en vopn trúarinnar sem starfar í kærleika Jesú fá rekið út illa anda eða átt neitt við þá svo að gagn sé að? Þau eru ekki til nema hjá Kristi:

„ Og enn fremur, sonur minn, þýðstu viðvaranir. Að taka saman margar bækur, á því er enginn endir, og mikil bókið þreytir líkamann. Vér skulum hlýða á niðurlagsorðið í því öllu: Óttastu Guð og haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra. Því að Guð mun leiða sérhvert verk fyrir dóm, sem haldinn verður yfir öllu því sem hulið er, hvort sem það er gott eða illt. „ (Préd 12:12-14)

Í Jesú nafni. Amen.

Heimurinn

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Heimurinn er ekki staður sem Kristur vill hafa fólk á. Einkennilegt er að orða þetta svona með þá staðreynd í huga að fólk bara fæðist inn í heiminn og er ekki spurt hvort það vilji koma. Það bara kemur. Málið hins vegar skírist sé Biblían skoðuð og Jesú tekin með inn í reikningsdæmið.

Biblían talar um heiminn sem stað syndarinnar og við vitum, þurfum ekki annað en að skoða dagblöðin og hlusta á fréttirnar til að komast sjálf að raun um að heimurinn sé blóðvöllur, staður hörmunga, sorgar og sútar sem finnur upp ótal ráð til að viðhalda sínu ástandi. Og líka tekst ágætlega upp. Ekki satt? Sættir eru ekki efstar á blaði heimsins heldur hitt að sjá blóð renna í fullum hefndarhug. Og það er mikið til af hefnt og hefndarhug í heiminum. Það geta allir verið sammála um. Allt vegna þess að á orðið er ekki hlýtt né heldur fær það að ráða og leiða fólk. Með Guð úti dregur heimurinn yfir sig kulda og svo meiri kulda uns allt umhverfi mannsins verður nístingskalt. Og hér tölum við um í andlegum skilningi orðsins.

Særa, meiða, niðurlægja og allskonar svona þættir fyrirfinnast í heiminum. Allt slíkt á sér sína uppsprettu þar og þiggur alla næringu sem þarf til að þetta daunilla og fúla fljót þorni ekki upp heldur haldi áfram að vella fram. Heimurinn er fallinn og liggur allur í valnum og fyrir fótum hins vonða og er syndugur upp í rjáfur. Heimurinn á sér enga von. Hann er dæmdur og mun farast en nýtt rísa upp af rústunum. Allir geta verið með í þessu nýja. Eina sem þarf er já við Jesú. Ertu til? Þú ættir alltént að vera það.

Miskunnarleysi einkennir verk heimsins. Harðneskja við fólk er viðvarandi og engin sáttatónn nema endrum og sinnum og er ávallt skilyrtur. Víða í heiminum er uppi stjórnvöld sem fara illa með þegna sína og mismuna að vild og eigin geðþótta. Réttlæti fyrirfinnst ekki nema þá skilyrt réttlæti sem segir: „Greiði skal koma á móti greiða. „ - Og – „ Klóraðu mér á bakinu og ég skal gera það sama fyrir þig. „ - Réttlæti Guðs sést vart og er ekki undrunarefni skoðaði í því ljósi að hold og heimur þekkir ekki Drottinn og flest fólk þekkir Guð í fjarlægð og af afspurn en ekki persónulega. Innan raða kirkjunnar fyrirfinnst slíkt þekkingarleysi, þó ekki sé það algengt:

„ Villist ekki. Vondur félagsskapur spillir góðum siðum. Vaknið fyrir alvöru og syndgið ekki. Nokkrir hafa enga þekkingu á Guði. Yður til blygðunar segi ég það. „ (1Kor 15:33-34)

Fólkið á sér sína von í Jesú. Engin von er í heiminum. Hve lengi hafa menn ekki reynt að búa sér til von og allskonar öfl og kraftar opinberast í mannlífínu og framkvæmdir og verk farið í gang til að efla von. Og vissulega margt til góðs. En hver er staðan? Við sjáum að fjármagnið er haldlaust og tryggir engum áhyggjulaust ævikvöld. Fjármagn undir röngum formerkjum og höndum vafasamra manna verður til þess að sparnaður fólks gufar upp og hverfur út í vindinn og enginn veit hvert. Eftir stendur ekki bara glatað fé heldur líka kannski skuldir hærri en hæstu fjöll. Svona er þetta allt sem maðurinn hefur verið að gera og svona er öll mannkynsagan meira og minna öll skráð. Heimur án Krists er einfaldlega ekki góður heimur og heimur með enga von. Og heimur versnandi fer ef eitthvað er.

Martin Luther var uppi á sextánda öld. Hann lét hafa eftir sér að úr þessu gæti ekkert orðið neitt nema verra, og átti þar þá við Orð Biblíunnar sem segir frá komu antikrists og þess sem hér gerist áður heldur en að þeim voðaatburði kæmi. Biblían segir að kærleikur flestra muni kólna. Við sjáum að ef kærleikur innan raða kirkjunnar sjálfrar minnkar þá er ekki von á góðu. Hvar er þá öryggið sem fólk þarf ef andans fyllt fólk hefur ekki kærleika til að bera í fólk? En nákvæmlega þetta mun gerast og færast í aukanna eftir því sem að þessum atburði kemur. Þegar er farið að bera á þessu og telur höfundur að menn geti vel verið sammála þarna. Engin þarf því að vera undrandi þótt ástandið sé slæmt í dag og miskunnarleysið jafn mikið í löndunum og raun ber vitni. Þá skal haft í huga að eftir því sem kærleikurinn fer kólnandi vex náð og miskunn Drottins, sem að sínu leiti mætir ástandinu svona. Útilokaða er að minnkandi kærleikur í röðum fólks Krists breyti persónu Jesú. Hans kærleikur er eftir sem áður hinn sami.

Ástandið á söfnuðinum rýrir ekki gildi kirkjunnar í samtímanum né allt það sem hún hefur fram að færa. Bendið höfundur á betra en kirkjuna og eitthvað sem hefur staðið lengur en kirkjan. Kirkjan hefur staðið af sér öll veður frá stofndegi fyrir meira en tvö þúsund árum. Hvað fyrirtæki að dæmi sé tekið, gert og búið til af mönnum er jafn gamalt kirkjunni? Og hvaða fyrirtæki er enn starfrækt sem

var stofnað, segjum fyrir tvö þrjú hundruð árum eða svo? Þau er afskaplega fá ef þá nokkur hringinn í kringum hnöttinn. Og vilji svo til má fullyrða að þau eru smá í sniðum og svona nægjusöm. Sem er gott og til eftirbreytni og fyrirmyndar og allt saman. En hver sér slíkt:?

„ Svo hefir hinn alvaldi Drottinn, Hinn heilagi í Ísrael, sagt: Fyrir afturhvarf og rósemi skuluð þér frelsaðir verða, í þolinmæði og trausti skal styrkur yðar vera. En þér vilduð það ekki og sögðuð: Nei, á hestum skulum vér þjóta fyrir því skuluð þér flýja! og á léttum reiðskjótum skulum vér ríða fyrir því skulu þeir vera léttir á sér, sem elta yður! „ (Jes 30:15-16)

Lífdagar hvers fyrirtækis fyrir sig er einn mannsaldur eða fáeinir mannsaldrar þegar best lætur. Og svo er allt búið og jafnvel hrúnið til grunna með skuldirnar einar eftir og erfiðleikar basl. Hve margir eiga sér ekki slíka sögu? Kirkjan stendur vegna þess að aflið sem ver hana og tryggir er eilíft afl með alla þræði hjá sér viðkomandi mannlífínu á jörðinni. Kirkjan er enn vegna þess að þetta afl er algerlega ósigrandi. Algerlega.

Tökum Ísland og skoðum ögn fyrirtækjasöguna. Í upphafi togaraútgerðar í landinu risu fjölmörg útgerðarfyrirtæki í Reykjavík og Hafnarfirði, reyndar víðar um land, og gerðu út togara. Mörg af þessum útgerðarfyrirtækjum voru um tíma, í jafnvel áratugi, blómleg og yfirgripsmiklar með góðan skipakost og aðstöðu í landi til fyrrimyndar. En hvað eru mörg af þessum útgerðum ennþá starfræktar? Ætli megi ekki telja þær á fingrum annarrar handar ef þær eru ekki allar með tölu horfnar af sjónarsviðinu sem unga kynslóðin veit ekki haus eða sporð á né heldur að hafi verið til. Og hvað felldi flestar af þessum útgerðum þegar allt kom til alls. Sundurlyndi, ósáttfýsi og áhugi til að halda verkinu áfram minnkaði og hvarf. Og einnig hitt að mikið af þessu, segjum útgerðum, var byggt upp af og á einum manni og þegar hann fór, hvort sem var sökum aldurs eða heilsuleysis eða af öðrum ástæðum voru arftakar engir og allt valt um koll. Heimurinn býr ekki neitt til sem tímans tönn fær ekki unið á og er ástæðan fyrir hversu allt er hér skammlíft. Öndvert við kirkjuna sem enn stendur jafn blómleg og áður. Jesú er upprisinn og lifir eilíflega. Getur þetta ekki sagt okkur heilmargt um að til er afl á bak við kirkjuna sem er voldugt og mikið? En hví kemur fólk þá ekki auga á þetta? Til er annað afl í þessum heimi, einnig máttugt og það lýgur meistaralega vel. Og hitt!!! Kristur velur sjálfur þá sem hann að sér tekur.

Bræður og systur!!! Heimurinn er fallinn. Hann féll við skilningstré góðs og ills er Satan rændi völdum eftir að hafi blekkt fyrstu tvær manneskjurnar og komst að raun um að hægt var að sannfæra manninn um hreinar lygar væri málið bara rétt gert.

Meðtökum við svona boðskap? Sumir já en aðrir ekki.

Það er mjög stór synd í augum Drottins þegar endurfætt fólk með Heilagann Anda í sér lifir ekki í sátt og samlyndi hvert við annað og elur á deilum og öfundast jafnvel út í fólk sem gengur betur en því sjálfu í stað þess að lofa Drottinn og þakka fyrir að honum eða henni skuli vegna vel. Hver er munur á afstöðu hins kristna og afstöðu heimsins þegar svo er komið? Ekki nokkur og er bara sami grautur úr sömu skál.

Rétt er það að við séum í heiminum eins og hann er en þó ekki af heiminum. Á þessu er munur sem Drottinn vill fá að gefa mér og þér skilning á til að við sjáum muninn á þessu. Þegar skilningurinn er kominn blessum við hvort annað og erum fyrst og fremst þakklát að vera núna á mjóa veginum til lífsins en ekki lengur arkandi eftir honum sem Biblían kallar Breiðstræti og segir að liggja þráðbeint til glötunar.

Hvernig tökum við svona boðskap? Fer eftir trúafstöðu manna og hversu þroskuð trúin er í hjartanu. Kristur vill gefa okkur þroskaða trú. Þroskuð trú öfundar ekki náungan heldur glaðst þroskuð trú yfir velgengi þó hún í svipinn nái ekki til okkar sjálfra. En okkar tími mun koma. Trúin hvetur okkur stöðugt til að þrauka:

„ Ég rita yður, börnin mín, af því að syndir yðar eru yður fyrirgefnar fyrir sakir nafns hans. Ég rita yður, þér feður, af því að þér þekkið hann, sem er frá upphafi. Ég rita yður, þér ungu menn, af því að þér hafið sigrað hinn vonda. Ég hef ritað yður, börn, af því að þér þekkið föðurinn. Ég hef ritað yður, feður, af því að þér þekkið hann, sem er frá upphafi. Ég hef ritað yður, ungu menn, af því að þér eruð styrkir og Guðs orð er stöðugt í yður og þér hafið sigrað hinn vonda. Elskið ekki heiminn, ekki heldur þá hluti, sem í heiminum eru. Sá sem elskar heiminn, á ekki í sér kærleika til föðurins. „ (1Jóh 2:12-15)

Spurningin snýst um hversu fús við erum til að leyfa Biblíunni að tala til okkur og kenna. Orðið segir með skírurum hætti að við skulum ekki elska heiminn né heldur það sem er í heiminum.

Og hvað eigum við svo að forðast og vera í engu slagtogi við? Auðvitað allt sem er illt, vont og hrein andstyggð í augum lifandi Guðs. Og hvernig getum við forðast svoleiðis? Nú með því að vera vel að okkur um hvaðeina sem Guð hefur þegar talað og lesa má um í Orðinu sem hann sjálfur sendi niður til manna og við vitum að eru skráð í bókinni sem hefur gengið með mannfólkinu í árþúsundir og er jafn fersk í dag og hún hefur verið frá fyrstu tíð. Orð Guðs er lykillinn og það sem Drottinn notar hvort sem er til að leiðbeina manningum eða dæma. Já, til að dæma. Orðið inniheldur þetta allt sem Guð notar sem og er ástæðan fyrir að Orðið er óumbreytanlegt alveg eins og Guð sjálfur er hinn sami og breytist ekki neitt.

Drottinn gerði manninn góðan og sjálfum sér líkan. Hann vill að við séum góð en veit hvernig eðlið mannsins er að það liggur allt í hinum vonda, alveg eins og heimurinn gerir. Syndin vinir, skekkti og líka skekkir alla mynd Drottins. En hann hefur frá fyrstu tíð vitað hvernig hann geti framkallað sinn eigin eiginleika í manningum. Jesú veit að í sér virkjust hið góða í fólki. Sem og er ástæðan fyrir komu Jesú. Hið góða býr nefnilega í honum og trúin ein getur beint í réttan farveg með hjálp Heilags Anda. Erum við með þátt Heilags Anda í málinu á hreinu og hvað Heilagur Andi gerir? Ekki er sjálfgefið að svo sé. Biðjum Drottinn um að hjálpa vorum skilningi.

Allt þetta er gott.

Heimurinn í annan stað gerir hjarta mannsins illt sem með tímanum getur fyllst, já, yfirfyllt af illsku vegna þess að kærlekurinn sem maðurinn á að hafa fastan aðgang að og er honum lífs nauðsýnlegur kemur ekki nema frá Kristi og í Kristi. Endalaust kærleiksleysi frá sínum nánustu sem eiga að veita skjól, að dæmi sé tekið, gerir manninn illan og framkalla í honum tilfinningar eins og höfnun sem öndvert býr til einmannaleika og þá er stutt eftir í sjálfsvorkunnina. Allt ferli.

Við sjáum að ástæða er fyrir illskunni í mannheimum og því hvernig of margt fólk er stemmt og birtist samfélaginu í vondri hegðun. Á meðan Kristur fær ekki sitt rúm í hjartanu þá einfaldlega virkar bara hluti manneskjunnar eðlilega og einungis holdelgi hluti fólks fær næringu en ekki hinn sem tilheyrir himninum. Allir menn eru þetta bæði. Að hafa ekki eðlilegan aðgang að kærleika og elsku er varasamt og fóðrar allskonar ranghugmyndir með manningum og gerir oft svo varhugaverðan í breytni og hegðun.

Allt þetta kærleiksleysi breytir persónuleikanum og við sjáum allskonar birtingarmyndir hins illa í verkum fólks. Morð, meiðingar, limlestingar, eignaréttur manna er brotinn, hjónasængin helst ekki hrein, meiðingar á sviði tilfinninga, á tilfinningum fólks er ítrekað troðið, stundum af einskærum hefndarþorsta, útilokum slíkt ekki. Þjófnaður á sér stað og allt réttlætt með hverjum þeim hætti sem hugsast getur og maðurinn upphugsar:

„ Fyrirætlanir hjartans eru á mannsins valdi, en svar tungunnar kemur frá Drottni. Manningum þykja allir sínir vegir hreinir, en Drottinn prófar hugarþelið. Fel þú Drottni verk þín, þá mun áformum þínum framgengt verða. „ (Orðsk 16:1-3) - Maðurinn hefur tilhneigingu til

að réttlæta allt sem að sér sjálfum snýr. Líka ofbeldi. Drottinn sér allt annað en réttlæti í verkunum og mun síðastur tala. Gerum því sátt við hann og bíðum ekki of lengi með það þarfa verk.

Maðurinn er andi, sál og líkami. Alla þess þætti þarf að sinna eins og sinna ber. Líkaminn fær mikla athygli. Hann er nærður, þjálfður og allt sem nöfnum tjáir að nefna er gert til að hlúa sem mest og best að honum. Líkaminn er bara einn partur. Tveir partar eru eftir.

Of oft situr andlegi maðurinn eftir. Hann getur ekki þegið næringu nema hana eina sem Kristur framber. Afar athyglisvert að ígrunda. Eina fæðan sem andlegi maðurinn fær þegið kemur frá himnum. En himininn lokaðist á andlega manninn við alræmt skilningstré er Satan komst að hjarta mannsins. Á sömu andrá varð til þessi „heimur „- sem hér er talað um.

Heimur Satans er raunveruleiki. Breytingin frá þeim heimi sem Guð vildi að maðurinn lifði í og þeim sem maðurinn hrakti sjálfan sig inn í með röngu vali og breytni gerðist skjótt. Eitt lítið andartak skildi þarna á milli er Satan tók undir sig stórt stökk og hljóp í einum spretti að staðnum þar sem stjórnartaumarnir eru. Allt varð að gerast hratt og áður en maðurinn næði að átta sig og iðrast og Guð gæfi honum aftur sitt sæti í sköpunarverkinu. Er Jesú kom opnaðist sá möguleiki en ekki fyrr. Hann heitir Jesú.

Hvar eru þessir stjórnartaumar sem Satan stökk á? Hjarta mannsins. Á þessu andartaki, er syndinni var hleypt inn, varð sem sagt til þessi „heimur „ sem kristnum er svo tíðrætt um í ræðu og riti. „Heimurinn „ er andlegur, ekki veraldlegur. Andlegt rán gerðist. Ekki sýnilegt berum augum fólks en verður þó sýnilegt í allskonar illskubreytni manna og kvenna.

Þegar við tölum um Guð og góð verk hans nefnum við ekki „heiminn „- eins og hér er talað um hann heldur „Ríki Guðs. „ til aðgreiningar. Ríki Guðs er nefnilega líka andlegur staður. Bæði „heimurinn „ og líka „Ríki Guðs „- búa innra með mannum en aldrei saman. Annað ríkið rekur hitt út. Og erum við hér kominn að baráttunni sem hver maður glímir að þessu leiti. Munum!!! Maðurinn er andi, sál og líkami: „**Sáð er jarðneskum líkama, en upp rís andlegur líkami. Ef jarðneskur líkami er til, þá er og til andlegur líkami.** „ (1Kor 15:44)

Nú skiljum við betur hví kristið fólk talar um „heiminn „ þegar trú og kennsla í fræðunum er flutt fólki. Heimurinn, eins og við þekkjum hann, er staður syndar, sorgar og sýt. Og syndin er víða. Allur heimurinn er mengaður af synd og reyndar gegnsýrður af henni. Syndin beyglar hvaðeina sem skal vera beint. Syndin býr í hinu andleg og þiggur næringu í hinu andlega. Þetta er „heimurinn „ og það sem við er átt þegar talað er um „heiminn. „ Ekki er verið að tala um fjöllin, trén, blómin, akvegina, hafnirnar, skipin, bílanna eða neitt það sem við sjáum og nýtum til framfærslu og slíkra hluta. Það allt er gjöf frá Guði. Sá heimur, sýnilegi, er akurinn sem Drottinn bíður sínu fólki að starfa á. Við þurfum að skilja hví Biblían talar með þeim hætti sem hún gerir og muna að hún er í raun andleg bók en opinberast mannum eftir að Heilagur Andi kemur í hjarta hans. Hjartað í þessum skilningi er líka andlegur staður sem maðurinn skynjar eftir að frelsun hjartans hefur gerst og andi mannsins gerist hólpinn.

Ósýnilegi heimurinn sem liggur í hinum vonda, takið eftir því,- jafn raunverulegur og sýnilegi,- er staður syndarinnar og verður áfram staðurinn sem syndin er á. Líka eftir að fólk er farið og komið til Drottins. Lífið í „heiminum „ heldur áfram sínum myrka gangi bundið undir blekkingar, hlekkjað við lygar og óréttlæti sem dynur á því daginn út og inn. Sá heimur breytist ekki neitt. Sá sem honum ræður getur ekki breyst. Enda merktur illskunni og kann ekkert nema illsku og fær aðeins viðhaldið veldi sínu með stórfelldum blekkingum. Engin skákar skelminum á taflborði óttans og hræðslunnar. Þannig heldur skelmirinn völdum.

Og Satan er andleg vera. Kirkja Krist er og verður áfram Þrándur í Götu verka hans. Kirkjan veit hver Satan í raun og veru er. Sannleikurinn kom til að afhjúpa skelminn.

Engin sem horfir með þessum augum á málin er undrandi þótt oft sé hart sótt að kirkjunni og kirkjunnar mönnum og allt gert til að þessi rödd kirkjunnar þagni. Drottinn dregur fólk úr heiminum, stað syndarinnar, og inn á sitt svæði þar sem syndin getur ekki þrifist og hlýtur að víkja fyrir kraftinum sem hún býr yfir og er þar sem Kristur sjálfur er og ræður ríkjum:

„ Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast. „ (Matt 16:18)

Kirkjan er Orðið

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
1 nóvember 2011

Á fjöllin, grasið, árnar, hafið og svo framvegis, er gott að venja sig á að horfa sem hreint Guðs verk sem hann sjálfur hefur gert og raðað niður. Í daglegu máli er þetta kallað náttúran. Náttúran er nefnilega sköpuð og sköpunarverk höfundar og hugsuðar sem með eigin hyggindum gerði þetta allt. Ekki lítið afrek. Kannski finnst einhverjum einkennilegt að svona sé talað en getur samt verið hjálplegt til að auka mönnum virðingu á lifandi Guði þegar fólk sér öll þessi stórkostlegu og mikilhæfu verk blasandi við sér. Allstaðar iðandi líf hvort heldur lítið er upp í loftið á alla fjölbreytnina þar, til jarðar sem öll iðar af lífi og endalausri fegurð, eða sjóinn sem eins og jörðin er full af lífi þótt af öðrum toga sé. Allt saman sköpun Guðs og fullkomið með sinn sérstaka tilgang fyrir lífið á jörðinni sem er svo viðkvæmt og þolir lítið hnjask. Eins og dæmin sanna og kom fljótt í ljós eftir að maðurinn jók inngríp sín inn í sköpunarverkið. Ástæðan er aukin þekking manna sem leiddi inn annað en í upphafi var stefnt.

Iðnbyltingin í Evrópu og Ameríku varð ekki til heilla í öllum atriðum og afleiðingarnar í dag svo risavaxnar að engin hefur hugmynd um hvernig megi leysa úr þessu án hreinlega hruns til grunna í efnalegu tilliti og hag ríkja, fyrirtækja og heimila. Þetta hefur inngríp mannsins í rásir sköpunarverksins kostað sem við öll erum þátttakendur í og meðsek að því leiti til að vera notendur að mengandi hlutum.

Fyrir svona tvo hundruð árum var orðið „ mengun „ ekki til í málfari þjóða en er í dag á allra vörum en mismunandi hátt. Fyrir nokkrum árum, kannski áratugum, var umræðan um mengun hávær en hefur farið hljóðar á síðari árum þótt fráleitt sé að tekist hafi að vinna bug á þessum vanda. Samt hefur nokkuð áunnist. En með ærnum kostnaði. Allt vegna þess að gerð var innrás í fullkomið en brothætt verk Guðs og öllu lífi ógnað. Svo alvarlegt er nú málið kæru vinir. Allt vegna inngrípa mannglegs vits í verk sem best færi á að láta eiga sig.

Trúin er á undanhaldi og þúkum myrkursins vex fiskur um hrygg. Hrokinn af þekkingunni blæs mennina upp og þeir horfa í spegla og sjá stórmenni (sig sjálfa) blasa við og orðnir sannfærðir um að Guð megi bara bíða. Guðleysið er fódur fyrir illt afl sem bíður ekki boðanna heldur stekkur fram með ýmsum birtingarmyndum í samfélaginu og öllum vondum. Svo er öðru en þessu kennt um og sannleikanum hafnað. Og engin skilur í því hví hnignum samfélaganna er svo ör eða hitt að menn verði bullandi meðvirkir og segja að ekkert sé að.

„ Bæt engu við orð hans, til þess að hann áviti þig eigi og þú standir sem lygari. „ (Orðsk 30:6) - Hér er mikilvæg kenndsla sem allt fólk þarf að meðtaka. Í Orðunum er kærleikur Drottins sem vill verja manninn gegn því að þurfa að standa eins og berskjaldaður af lyginni. Orð Guðs er sannleikur og allar viðbætur við það því lygi. Hér er ekki greint frá því hvað sagt var heldur að viðbæturnar, hverjar sem er, voru og eru lygar. Gildir um allt sem Guð hefur gert og líka sköpunarverkið sem er fullkomið en sumar viðbætur manna hafa skemmt. Viðbætur sem eru stórt vandamál þjóða í dag. Kjarnorkan er bara eitt af þeim.

Þrátt fyrir að skemmdir hafi verið unnar á sköpunarverki Guðs af völdum manna er það samt fullkomið. Á þessari fullkomnun byggir kirkjan. Þarna er kletturinn og Guð sjálfur sem eigi fær haggast né bifast. Kirkjunni er ekki heimil minnsta breyting á Orði Drottins og hann líður ekki og mun heldur ekki taka í mál að samskonar spellvirki verði unnar á kirkju sinni eins og gerst hefur á sjálfu sköpunarverkinu með afleiðingum sem í öllu falli eru grafalvarlegar fyrir mannkyn allt. Sköpunarverkið eins og við þekkjum það líður undir lok og nýr himinn og ný jörð rísa og er boðskapur kominn úr Biblíunni. Kirkjan verður með í þessu nýja. Hún og Orðið halda velli. Guð ver allt sem er eilíft en ekki hitt sem á hvort eð er að hverfa og eyðast. Hann hins vegar sér svo um að málin haldist í lífvænlegum farvegi vegna áætlunar sinnar um manninn og björgun mannsins. Til verksins hefur hann kirkjuna. Mennt fá sitt tækifæri til að segja já við Jesú á náðartímanum. Einn daginn þá líkur náðinni og allt fólk Drottins verður hrifið upp til fundar við Jesú í loftinu og Heilögum Anda kippt burt á meðan og eru líka Orð úr Biblíunni:

„ Og ég segi þér: Þú ert Pétur, kletturinn, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og máttur heljar mun ekki á henni sigrast. „ (Matt 16:18) Hér er vísað til eilífðarinnar og hins að samkvæmt áætlun Drottins munu menn fara fyrir kirkju Guðs á jörðinni og ganga út á Orð Guðs og opinberun Andans. Sjáum hér hvernig Guð undirbyggir alla þætti fyrir það sem á að koma. Við þurfum trú vinir. Trú og mikið af trú.

Hugsíð ykkur Pétur, sjálfur afneitarinn í þrígang, fær skipun og líklega fyrsti maðurinn í jarðríki sem settur er yfir söfnuð Guðs á jörðinni eftir upprisuna. Á eftir honum hafa margir komið og margir leiðtogar eru uppi í dag.

Þetta er merkilegt og einnig hitt að kirkjan skuli hafa annan sess í augum Guðs en allt annað sem hann hefur skapað og mun hverfur á einu augabragði. Endalaust þakkarefni er að kirkjan hafi áfram sinn sess hvernig sem allt snýst.

Kirkjan og trúin er bjargvættur mannkynsins. Kirkjan flytur manninn inn í eilífðina eftir að Kristur er búin að koma trúnni fyrir í honum. Þetta er ástæða þess að sérstök vernd er yfir kirkjunni komin beint frá háseti Guðs sem engum verður leyft að hrófla við til langframa. Og kirkjan nær ávallt áttum á nýjan leik þótt á móti blási um stund. Já, um stund. Kirkjan er augasteinn Drottins og griðastaður jarðarbúa. Og ekkert minna heldur en það:

„ Ég votta fyrir hverjum þeim manni, sem heyrir spádómsorð þessarar bókar, að leggi nokkur við þau, mun Guð á hann leggja þær plágur, sem um er ritað í þessari bók. Og taki nokkur burt nokkuð af orðum spádómsbókar þessarar, þá mun Guð burt taka hlut hans í tré lífsins og í borginni helgu, sem um er ritað í þessari bók. „ (Opb 22:18-19) - Hver vogar sér eftir svona lestur að ganga til hólms við Guð skapara sem öllu ræður og allt getur til að hrófla við heilögu Orði hans? Hver vogar sér slíka ósvinnu sem þekkir til innihaldsins? Við sjáum að Guði er full alvara með það sem hann ætlar sér varðandi kirkju sína og að kirkjan er Orðið og Orðið kirkjan og verk hans algerlega samhangandi og órjúfanleg hvort frá öðru. Sannið hvaða annað sé merkt ódauðleikanum? Hvað annað sé ekki dæmt til að eyðast og farast? Þeir sem ganga til liðs við kirkjuna lifa en ekki hinir sem hafna hjálpræði kirkjunnar Jesú Kristi. Við sjáum hér að kirkjan skipar alveg sérstakan sess í allri áætlun Guðs. Alveg sérstakan. Öll Biblían talar á þessum nótum. En trúum við Biblíunni og trúum við þessu? „ Guð! Auk oss trú. Lát okkur sjá neyðina af syndinni. „

Allt tilkomið vegna Jesú sem gaf sig sjálfan í dauðan fyrir alla menn og undanskildi engan frá hjálpræðisverkinu.

Orðið er gefið mönnunum til að kenna þeim um Guð sinn, lausnara sinn og skapara sinn og loks frelsara sinn og hvernig menn fá haldið sér við hjarta hans, ráð og ráðleggingar og minnkað líkurnar á að hrasa og falla af veikleika eigin holds.

Orðið segir að allir sem leiti Guðs verði að trúá því að hann sé til og því að til einhvers sé að knýja á dyr hans. Án trúar komast menn hvorki lönd né strönd með það sem er Guðs. Aftur komum við að mikilvægi Orðsins og hve Orðið er raunverulega nýtt fyrir mannum þótt það sé búið að fylgja honum eftir í þúsundir ára. Fyrst í Gamla testamentinu á tímum Lögmálsins og svo Nýja testamentinu eftir að Nýi sáttmáli tók gildi og allt var gert fullkomið og lærisveinarnir hófu að rita textann og færa söfnuðunum sem þeir síðan lærðu af og fengu næringu, rétt eins og við í dag.

Hver til að mynda er vel af sér um Orðið og innihald þess án frelsunar hjartans frá synd og saurug leika? Og hver yfir höfuð hefur áhuga á að fræðast um Orðið sem ekki er fylltur Heilögum Anda. Andstaðan við Orðið og allar ásakanirnar og ákærurnar á hendur Orðinu, kirkjunni, kirkjunnar þjónum og öllu sem að kirkjunni snýr eru gleggsti vitnisburðurinn um þetta áhugaleysi vegna þess að annað getur hreinlega ekki gerst í heimi syndar jafn gegnumgangandi og hún er og sífellt spýtandi sínu eitri og eitrið fer stig vaxandi vegna aukins Guðleysis. Ástæða er fyrir allri þróun hvort sem er neikvæðri eða jákvæðri.

Trúið því kærur vinir að syndin leyfir engum manni að kafa ofan í Orðið af þeirri ástæðu einni að köfunin flettir ofan af henni sjálfri og kemur gegn myrkrinu sem hún veldur og honum sem er sjálf syndin Satani. - Ef syndin leyfði slíkt væri hún orðin sjálfri sér sundurþykk og fengist ekki staðist. Eins og Kristur bendir á. Satan er klókari en svo að henni leyfi slíkt. Honum er enda vel kunnugt um hvernig hann fær haldið sínum völdum. Með lygum. Eilífum og endalausum lygum. Ríki Satans er allt byggt upp á lygum. Allir sjá að í slíku ríki getur ekki verið gott að búa. Satan er nefnilega útsmogin og ávallt til illis. Samt verja menn þetta ríki eins og frekast þeir geta og gera vegna þess að þeir meðtaka og trúá lyginni sem er orðin þeim sannleikur og kirkjan eitthvað óargadýr sem þarf að fjarlægja og fjarlægja strax þó hún sé hið eina sem alla daga skartar sannri fegurð og sönnum glæsileika og er ekkert nema fegurð alla daga og blæs blíðum blænum yfir anda manneskjunnar sem hún upplifir sem friðsemd í sínu hjarta og óskiljanlega friðsemd sem henni líður vel í og þráir að eignast en getur ekki nema í Kristi sem hún svo ötullega berst gegn knúin áfram af eyðileggjandi áhrifum lyginnar. Trúin vinir segir okkur sannleikan um lífið og söfnuðir Drottins þurfa stundum að líða vegna sannleikans sem talaður er.

Trúin vinir gildir fyrir einstaklinginn og hver sem ákallar nafn Jesú fær bænheyrslu án tillits til utanaðkomandi áhrifa. Menn hætti því ekki að biðja né að vænta góðs frá himnum. Maðurinn er skapaður til eilífdar og engin þarf að deyja. Jesú er skilyrðið. Endalaus og andstyggeleg lygin kemur ávallt gegn sannleikanum og segir fólki annað en satt er. Lygin skekkir allt sem beint skal vera og skrumskælir sannleikan hjá fólki sem Kristur dó fyrir. Jesú er nafnið. Allir aðrir eru fals Guðir og falskir frelsarar. Þeim skyldi engin maður trúá á né heldur fylgja því að þeir leiða alla sem til sín koma þangað sem þeir sjálfir eru dæmdir til að vera. Í gin Helju.

Jesú lifir og er hin sami og postularnir horfðu á eftir uns ský haldi hann. Að eiga aðgang að öllu þessu eru slík forréttindi að tekur út yfir allt annað sem mögulegt væri að nefna og tína til:

„ Því sagði Jesús aftur: Sannlega, sannlega segi ég yður: Ég er dyr sauðanna.

Allir þeir, sem á undan mér komu, eru þjófur og ræningjar, enda hlýddu sauðirnir þeim ekki.

Ég er dyrnar. Sá sem kemur inn um mig, mun frelsast, og hann mun ganga inn og út og finna haga.

Þjófurinn kemur ekki nema til að stela og slátra og eyða. Ég er kominn til þess, að þeir hafi líf, líf í fullri gnægð.

Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn leggur líf sitt í sölurnar fyrir sauðina, „ (Jóh: 10. 7 – 11)

Engar smá yfirlýsingar hér. Og allt þetta er Kristur og gefur á sama andartaki út skíra yfirlýsingu um aðra sem hugsanlega vilja gera sama og Kristur gerir en geta ekki. Enda bara hold og blóð alveg eins og ég og þú. Já vinir! Hann heitir Jesú.

Kirkjan er sem sjá má verði keypt. Ekkert minna heldur en blóð saklaus manns var nógu dýrt til að greiða allt sem þurfti til að Guð gæti tekið næsta stóra skrefið í áætlun sinni og hið mikilvægasta frá því að syndinni tókst að blekkja forvera alls mannkyns og smeygja sér inn bakdyramegin. Því að bakdyramegin kom hún og í gegnum trúgirni mannsins sem allir vita að hægt er að blekkja.

Framundan var verkið með Syni sínum sér við hlið og í fararbroddi til að sækja allar týndu sálirnar í veröldinni og frelsa undan krumlu og afvegaleyðslu þessarar skelfilegu syndar og flytja yfir í ríki hans Guðdómlegt. Kirkjan er griðastaður hins trúaða og þar inni á hann að finna skjól og athvarf. Þótt kannski mönnum finnist ekki svo mikilvægt að hamra svo mjög á þessum þætti er hann afskaplega mikilvægur vegna þess að kærleikurinn er svo oft ábótavant hjá fólki sem er frelsað og á til trú og trúir í einlægni hjartans á Jesú en ber samt ekki sama kærleika til bróður eða systur sem Kristur dró örmagna á sínum tíma yfir línuna til sín og setti í söfnuð. Að málið skuli vera í þessum farvegi áréttar mikilvægi þess að hafa uppi stöðuga og viðvarandi kennslu um kærleika, um að elska - (Vinir! Í Guðanna bænnum ekki misskilja orðið elska sem vel er hægt. Reynum heldur að sjá það eins og Kristur) - og hvaðeina annað sem má verða til þess að menn horfi af eigingirninni og til kærleikans sem er allt í kring og vel hægt að teygja sig eftir hvar sem menn eru niðurkomnir og láta gott af sér leiða. Við verðum að muna að allt endurfætt fólk hefur Heilaga Anda sem ekkert fer og er ávallt tilbúinn til að beina mannum aftur í hið góða, fagra og fullkomna, hafi hann einhverra hluta vegna dregist af þeirri mikilvægu braut og snert heitan eldinn. Brennt barn forðast eldinn. Eldur og mikil hiti er hættulegur líkama manns. Enda ekki gerður til að þola slíkan hita. Sviðin og sársaukin sem hittin framkallar á yfirborði húðarinnar kennir sína lexíu þó með harðneskjulegum hætti sé. Að forðast eldinn er sjálfstæð kennsla sem manneskja líklega gekk í gegnum af óhlýðni en veit eftirleiðis að engin bíður byrginn né gengur frá sem sigurvegari. Sjálft brunasárið og sársaukin í kjölfarið gerði sitt gagn þegar til framtíðar er litið.

Sama gildir um fræðsluna sem Biblían geymir. Hún rétt eins og brennda barnið sem lærði af brunanum að forðast eldinn, kennir mönnum að forðast syndina og að sneiða hjá henni í hvert sinn sem hún vill lokka manninn með sínu flauelsmjúka brosi. Synd er sem sjá má eitthvað sem allt kristið fólk vill forðast. Ekki er nefnilega til lítil synd né stór synd. Synd er synd og hefur sínar afleiðingar sem einvörðungu algóður Guð getur lagfært. Synd og skaði í margskonar myndum hanga á sömu spýtu og starfa hvort með öðru í afar nánu samstarfi að vart kemst hnífurinn á milli. Trúum við þessu? Forðumst alla synd og sýnum af okkur trúfesti. Og Guð rýmkar til í kringum okkur.

Biblíufræðslan er mikilvæg. Með henni læra menn að forðast allt illt. Syndin og afleiðingar syndarinnar valda mis djúpum sárum á sálinni og sumum svöðusárum. Allt vegna syndar sem vel hefði mátt sneiða hjá og forðast en gerðist ekki vegna óhlýðni við vilja Guðs. Maðurinn ákvað að hundsa afbragðsgóða kennsluna úr púlti og sprikla svolítið í skammvinnnum unaði syndarinnar. Og vitaskuld fékk að kenna á því.

Séu verk gerð af vanþekkingu hefur maðurinn vissa afsökun öndvert við óhlýðnina sem gefur honum enga afsökun. Óhlýðni merkir raunverulega að maðurinn vissi betur en gerði samt. Annars væri það ekki óhlýðni. Það sem þú veist að er rangt en gerir þó hvaða afsökun hefur þú þá? Enga. En vitir þú ekki og framkvæmir ranglæti setur það þig á annan stað í málinu án þess kannski að frýja þig alveg af verkinu. Dómstólum ber að taka mið af þessu í sinni dómsniðurstöðu. Allir sjá að á þessu er munur. Að vita af skaðanum en framkvæma hann samt er háskalegt og bendir til glæpsamlegra hugsanna.

Á öllu þessu vill Kristur taka í hverri kynslóð fyrir sig með öflugri kennslu sem varar fólk við allskonar hættum sem það að öðrum kosti ratar í. Í lífinu gilda nefnilega ákveðin lögmál. Við vitum að ef við ökum þessa leið skilar hún okkur til ákveðins staðar. Að láta sér yfirleitt detta í hug að vegurinn sá arna endi annar staðar en hann gerir er óðs manns æði. Hver til að mynda tæki stefnuna til Keflavíkur frá segjum Hafnarfirði sem ætlaði til Reykjavíkur. Allir sem til þekkja vita að Keflavík er í gagnstæðri átt við Reykjavík.

Kennslan er til að stytta okkur leið. Hún gefur okkur þessa heimild. Kennslan er til vegna þess að búið er að finna upp hjólið og því óþarfi að leggja á sig vinnu við þá uppfinningu. Þvert á móti skulum við njóta góðs af verkum þeirra manna og leifa streði þeirra og niðurstöðu að hjálpa okkur yfir hjalla og erfiðleika sem þeir þurftu að glíma við með svita og tárur og eyða í dýrmætum tíma til að finna lausnina. Og útkoman er hjólið. Hjólið er allstaðar og í nánast öllu með einum og öðrum hætti. Í raun er hjólið stórmerkileg uppgötvun.

Svona er ritningin og Biblíuleg kennsla. Hún er okkur gefinn til að flýta fyrir en krefur okkur um trú. Trúin treystir en vantreystir ekki Orði Guðs. Trúin sé því þar sem henni er ætlaður staður. Í hjartanu. Hjartað er fyrir trúna og Orðið. Hjartað er geymslan fyrir allt þetta sem svo Andinn Heilagi hvetur manninn stöðuglega til að eiga sem mest af til að hann fái opinberað mannum mátt Guðs sem oftast og víðast. Andinn vinnur með Orð Guðs og leyfist ekkert annað. Allt til að auka trú mannsins og byggja hana upp í Jesú nafni.

Amen.

Síðustu tímar?

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman

Þegar menn tala um að heimur versnandi fari er það sumpart rétt en samt ekki að öllu leiti sannleikur. Hið rétta er að heimurinn varð vondur við skilningstréð góðs og ills og eftir að Satan rændi völdunum frá Guði og fékk fyrsta fólkið til fylgis við sig. Við illskuna sem þá kom hefur ekkert bæst. Þetta myrkur er enn til staðar og ennþá jafn myrkt og ógnvænlegt og fyrr. Með dauða og upprisu Jesú Krists komst ljósið til manna og er sem fyrr andlegt ljós til lífs. Valdarán Satans innleiddi andlegt myrkur og hörmungar og andstæðu þess sem Kristur boðar. Maðurinn er ekki skapaður fyrir andlega dimmu heldur að dvelja þar sem lífið er.

En hvernig fór Satan eiginlega að því að ræna völdunum af almáttugum Guði? Er Guð þá ekki almáttugur þegar allt kemur til alls? Von að spurt sé. Vissulega er Guð máttugur. Til að skilja málið betur skal það haft í huga að Satan þekkir orðheldni Guðs að hann kvíkar ekki frá sögðu Orði. Ekki í eitt skipti. Satan dvaldi hjá Guði og gegndi þar merkilegri þjónustu. Þeir þekkjast því. Réttara sagt - þekktust. Sem er ótrúlegt. En svona greinir Biblían frá atburðum að Satan hafi haft mikilvæga þjónustu á himnum.

Svo virðist sem sköpun Guðs hafi sjálfstæðan vilja. Að vísu ekki dýrin en bæði englar og menn og að allt hjá Guði byggir á hlýðni við Orðið og að hann stjórni ekki með hótunum og afarkostum né beiti refsingum út í eitt. Satan gerir þetta hins vegar og beitir ótæpilega. Enda í öllu andhverfa Guðs. Blessun og mildi er hið algenga hjá Drottni. Sjálfur vill Drottinn blessa og náða og bara leggja inn blessun. Það sem Drottinn segir stendur. Hvað sem hann svo segir. Að fara eftir þessu er styrkur hvers manns en ekki veikleiki. Allir menn fá tækifæri til iðrunnar. Allir geta snúið af villu sín vegar og farið rétta braut. Merkilegt.

Þessa sjálfstæðu hugsun og vald til eigin ákvarðanatöku sjáum við ef við skoðum eilítið sögu Satans og hvernig hann nýtti sér þetta ranglega og galt afhroð af sínu sjálfstæða vali og missti marks. Ekkert varð eftir hjá honum nema biðin eftir Helju í allri illsku.

Hjá þessum merkilega engli Guðs fór af stað ferli sem hófst á fyrsta skrefinu. Ljótum og banvænum hugsunum.

Biblían segir að Satan hafi fyllt sig af hroka vegna stöðu sinnar á himnum - og eigin glæsileika. Takið eftir þessu. Hann gleymdi Guði og varð upptekinn af sjálfum sér. Könnunumst við við þetta? Við sjáum hér hvar slíkur þanki er upprunninn sé hann enn til staðar í fólki.

Að sjá eigin glæsileika og greind er í lagi með. Að miklast af þessu og gera út á þetta er varasamt. Á þessu er munur. Hér þarf auðmýkt byggðri á trú og trúin er gjöf frá Drottni.

Hver kom þessu inn hjá þessum fyrrum verndarengli? Lúsifer sjálfur og engin annar. Og hann náði að búa sér til lið úr stórum hóp af englum himins sem í dag eru illir andar, eins og Satan sjálfur er illur andi. Sannfæringarkrafturinn hjálpaði honum við verkið. Sami sannfæringarkraftur og enn er til staðar og byggður á lygum og mikilli lygi. Hrokinn þarf enga hjálp við að planta sér annan en vilja fólks til að sækja í hann og opna fyrir honum upp á gátt. Þetta er hið eina sem þarf.

Svo mikil varð hrokinn hjá Lúsifer og svo gersamlega blindaðist hann í mikilæti sínu að skelmirinn ásamt öllum sínum hrokafulla her gerði uppreisn á himnum hjá Guði, sannfærður um að fá sigrað sjálfan skaparann. Annað eins hafði aldrei áður gerst og er hreint út sagt ótrúlegt að skuli hafa verið reynt, hvað þá heldur framkvæmt. En svona er hrokinn. Hann er öllum skaðræði og er lengi búinn að vera til og var til staðar á jörðinni er fyrsta fólkið kom. Satan trúir því enn að hann geti eytt kirkju Guðs af jörðinni. Sífelldar árásir á kirkjuna í gegnum aldirnar eru þar gleggsti vitnisburðurinn og um leið góður vitnisburður um kraft Guðs og orðheldni. Satan sér sjálfur um að gera þessar árásir á kirkjuna. Hann er því enn í stríði við Guð. En nú um sálirnar sem hann ætlar að taka með sér niður til Heljar, þangað sem hann sjálfur er á leiðinni til með enga von um náðun né möguleika á að snúa aftur til fyrri starfa. Sú leið er endanlega lokuð. Maðurinn í annan stað hefur von svo lengi sem hann lifir á jörðinni. Eftir jarðvistartíma sinn tekur það við sem hann valdi hérna megin lífs. Frjáls vilji hans fylgir honum. Hann valdi og niðurstaðan er í samræmi við valið og engu breytt. Trúboð og kristniboð, vinir, er alvörumál sem og að segja fólki frá Jesú.

Hvað heldur kraftinum í skelminum? Hatrið kærur vinir. Krumpað hatur á öllu sem Guðs er. Á hatrinu byggist allt hitt sem djöfullinn er fullur af. Einnig hatrið á sér sinn sjálfstæða uppruna. Biblían fær hjálpað okkur við að skilja hví ástandið er svona. Fólkinu skortir trú á Jesú. Jesú er svarið.

Allskonar birtingarmyndir eru til af hrokanum. Öll erum við að glíma við hrokann í okkur sjálfum og reyna, sem þekkjum Krist, að hindra hann. Hroki er afsprengi syndar en er ekki frá Guði kominn. Hrokinn fæddist fyrst hjá Lúsifer og hefur síðan þá komið gegn áætlun Guðs í öllum mögulegum og ómögulegum myndum í kynslóðunum.

Hve margir menn hafa ekki gert uppreisn gegn Guði sínum og skapara? Lesið þessu til staðfestingar sögu Gyðinganna sem skráð er í Gamla testamentinu. Menn lesa ekki lengi þegar þeir rekast á afleitan uppreisnarhuginn gagnvart Guði. Allt fólk sem þekkti Guð en gerði þó uppreisn. Takið eftir þessu. Þekkti Guð. Allt sprottið af hroka og vantrú. Satan þekkir Guð. Margir þekkja Guð en gera samt uppreisn gegn Guði, alveg eins og Lúsifer.

Hvað er það annað en uppreisn gegn Guði og óhlýðni við skíran vilja hans að hafna því sem Guð er að gera á meðal sinna manna hvort sem er nú á tímum eða áður fyrr og hve oft og hve margir hafa ekki staðið í gegn? Sjáum af þessu hvað raunverulega fátt hefur breyst og hve margir þurfa að taka sér taki og gera sína Bragbót og breytast í hegðun. Einkum þó í hugsun. Sagan endurtekur sig frami fyrir augum okkar:

„ Fyrir þína miklu verslun fylltir þú þig hið innra ofríki og syndgaðir. Þá óhelgaði ég þig og rak þig burt af goðafjallinu og tortímdi þér, þú verndar-kerúb, burt frá hinum glóandi steinum. Hjarta þitt varð hrokafullt af fegurð þinni, þú gjörðir speki þína að engu vegna viðhafnarljóma þíns. Ég varpaði þér til jarðar, ofurseldi þig konungum, svo að þeir mættu

horfa nægju sína á þig. Með hinum mörgu misgjörðum þínum, með hinni óráðvöndu kaupverslun þinni vanhjelgaðir þú helgidóma þína. Þá lét ég eld brjótast út frá þér, hann eyddi þér, og ég gjörði þig að ösku á jörðinni í augsyn allra, er sáu þig. Allir þeir meðal þjóðanna, er þekktu þig, voru agndofa yfir þér, þú fórst voveiflega og ert eilíflega horfinn. „ (Esk 28:16-19)

Já, kærur vinur! Stríð varð á hinnum, hart og strítt stríð sem vitaskuld gat ekki endað nema á einn veg. Með sigri Guðs. Og Guð steypiti djöflinum niður til jarðarinnar sem þá var orðin þessi ógn við lífið á jörðinni sem víða má sjá merki um. Ritningaversið í Esekíel á líklega við eftir að þetta stríð á hinnum er afstaðið og búið að dæma og rýja glæsilegan engilinn með sitt mikilvæga hlutverk sem hann gersamlega klúðraði með hroka sínum og ofmetnaði og tapaði öllu sem hann áður hafði fengið frá Guði. Allar stórkostlegu gjafirnar hurfu aftur til Guðs. Drottinn gefur. Drottinn tekur. Blessað sé nafn Drottins.

En hvernig fékk þá Satan rænt af Guði völdunum hér á jörðinni eftir að hafa horft upp á ógurlegan mátt hans á hinnum og hann sjálfur á leið til Heljar? Tími Helju er ekki enn kominn. En sá tími kemur. Þetta veit Satan og er ástæðan fyrir að hann gengur hér um sem öskrandi ljón, tilbúinn að gleypa hvern þann sem hann getur gleyp. Tími Satans er naumur og hann þarf að gernýta sinn tíma hér. Þess vegna líka er allur þessi atgangur.

En hvernig rændi Satan völdunum á jörðinni? Og enn má spyrja: „ Er Guð í raun vanmáttugur Guð? „ - Nei, en Satan veit að allt sem Guð hefur sagt stendur. Veit líka að maðurinn er skapaður með sjálfstæðan vilja og getur valið hvað sem hann sjálfur kys. Eftir að hann hóf samtal sitt við fólkið komst hann að ákveðnum veikleika í því sem með réttum aðferðum opnaði honum möguleika á að nýta sjálfum sér til handa. Munum að Satan falaðist ekki eftir þessu góða sem í mannum bjó með samræðum sínum heldur hinu sem var myrkt sem hann og reiknaði með að væri þar að finna og andhverfa trúar sem bara treystir Guði. Og veikleika fann hann í til að mynda þessari trúgirni og líka því er hann sá að með réttum hætti mætti kalla fram efa í hjartanu sem öndvert vakti fólkinu áhuga á að gera sitthvað sem jafnvel Guð var áður búin að vara það við að eiga neitt við. Munum að fólkið stóð við skilningstré góðs og ills og átti þar í hrókasamræðum við afl sem Biblían segir að hafi verið höggormur en við vitum að var djöfullinn sjálfur sem búið var að reyta allar fjaðrir Guðs af. Bara það að fólkið var þarna segir okkur margt um þennan veikleika í fólki og að unnt er að draga það að ýmsu og ekki bara góðu.

Trúginin og forvitnin og þörf mannsins á að vita meira og fræðast frekar um eitt og annað er eiginleiki sem okkur öllum er gefinn og er ekki bara styrkur mannsins heldur líka ákveðin hátt hans mesti veikleiki og felst í því að maðurinn getur raunverulega trúað hvort sem er lygi eða sannleika. Þetta er óumdeilt að svona er í stakkinn búið.

Einnig er mikilvægt að skoða að Satan vissi að það sem kæmi frá hinum fyrsta manni gengi niður kynslóðirnar. Næði hann völdunum þarna mundi hann fá haldið þeim með kynslóðunum. Sem og er ástæðan fyrir að syndin ræður enn og ríkir í heimi vorum. Syndin berst á milli fólks með sæði karlmannsins. Þetta ferli á uppruna sinn í orðum og ákvörðun hinna fyrstu manna sem þannig brugðust Guði. Vitaskuld líka mannkyni öllu. Ekki gleyma því?

Verkin okkar og ákvarðanir hafa afleiðingar. Á mannsins valdi er hvort orðin hans fæða af sér gott eða vont:

„ Því sjá, dagurinn kemur, brennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir er guðleysi fremja, munu þá vera sem hálmleggir, og dagurinn sem kemur mun kveikja í þeim segir Drottinn allsherjar svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur. En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun réttlætissólin upp renna með græðslu undir vængjum sínum, og þér munuð út koma og leika yður eins og kálfar, sem út er hleypt úr stíu, og þér munuð sundur troða hina

óguðlegu, því að þeir munu verða aska undir iljum yðar, á þeim degi er ég hefst handa segir Drottinn allsherjar. “ (Mal 4:1-3)

Við höfum þessa samantekt á því að nefna orðin að heimur versnandi fari. Það sem lagt er til grundvallar þessu hér er að eftir því sem tímarnir líða og nær dregur endurkomu Krists verður birtingarmynd Satans öflugri með sífelld ægilegri og skelfilegri verkum, sem auðvitað syndugir menn vinna og kemur í kjölfar aukins Guðleysis. Að því leiti til er rétt þegar menn segja að heimur versnandi fari að birtingarmynd hins vonða gerist algengari og menn tilbúnari en oft áður til að beita meiri hörku. En þetta breytir ekki hinu að heimurinn varð vondur við þetta alræmda skilningstré góðs og ills með syndafallinu. Við vonskuna sem þá kom hefur ekki bæst neitt, líkt og áður segir. Öll illska sem til er fæddist á þessu andartaki. Allt sem við höfum séð var til staðar strax eftir syndafallið. Tíminn og fráhvarf fólks togar þetta svo fram og ávallt með sama hætti Guðleysisinu.

Syndin, kæru systkini, er skaðleg öllu lífi hvort sem er gróðri jarðar, villtu lífi merkurinnar, fiskum hafsins, fuglum loftsins eða hvar annarstaðar sem líf er. Öllu stafar hætta af eyðingarmætti syndarinnar sem tendruð er og nærð af Satani en getur ekki orðið að framkvæmt nema gegnum fólk sem Satan fær notað. Heimurinn liggur allur í hinum vonða og margt fólk er á breiðstræti glötunarinnar sem er staður syndarinnar sem allt fólk fæðist á og fer eftir, lengi eða stutt. Allt fólk sem þar arkar, engin er undanskilin, getur Satan gripið hvenær sem er til sinna nota. Allir eru undir og engin er spurður hvort hann vilji, og svo framvegis. Menn eru bara gripnir, hlekkjaðir og bundnir og engin undakomuleið gerð fær nema náð og miskunn Jesú komi til. Hvað sem til þarf er gert og fylgt eftir með stöðugum lygum, fíknum, girndum og öðru sem eyðir og er nauðsýnleg til að illskan fái haldið áfram og við hana bætt. Manninum skal haldið frá Orði Guðs.

Með þetta til hliðsjónar sjáum við og skiljum vonandi betur hví svo oft er vegið að kirkjunni og boðskapi kirkjunnar og Biblíunnar sem flestir eru sammála um að geri fólki bara gott. Líka þetta veit Satan og gerir sitt til að fólk komist ekki í snertingu við hið góða og komi svo gegn honum sjálfum eftir að hafa verið dregið yfir línuna til Krists og það opinberað fyrir því hvað raunverulega er að gerast á þessu breiðstræti. Allt fyrir þær sakir að fólkið var blekkt og tælt af mætti syndarinnar sem blindar huga og augu manna og gerir allt skakkt sem Guð gaf fyrirmæli um að skyldi vera beint. Munum að Satan komst til valda með þeirri aðferð að hann klæddi orð sín í búning sem virtust vera fegurðin uppmáluð. Annað kom á daginn. Ekki satt?

Við höfum enn aðgang að fyrirgefningu frelsarans sem fúslega fyrirgefur göngu mannsins á breiðstræti glötunarinnar, sama hvað verk hann vinnur þar. Að hafna útréttri hönd frelsarans og náð er ekki merkt visku nokkurs manns. Maðurinn er án afsökunar. Engin þarf að lifa lengur í synd né heldur ganga um á þessu voðalega breiðstræti. Atburðurinn á Golgatahæð sýnir okkur að til er leið frá allri synd í gegnum dauða og upprisu Jesú Krists.

Höfundur langar hér að koma með sýn eða draum sem Drottinn gaf honum fyrir nokkrum árum og er honum afskaplega eftirminnilegur. Honum fannst hann var staddur á sjónvarpsstöð og var verið að tala við gráhærðan, brosmildan og glaðlegan miðaldra mann sem sat við borð ásamt tveim, þrem öðrum sem sáu um téðan sjónvarpsþátt og voru um leið spyrjar. Og allt í beinni útsendingu. Maðurinn hafði þvílíkan talanda og bjó yfir gríðarlegum sannfæringarkrafti að allir í salnum heilluðust af því sem hann sagði og orðavalinu sem hann brúkaði. Maðurinn virtist hafa á takteinum allar lausnir á öllum vanda sem mannkynið þarf á að halda og glímur nú við: „Ekkert mál“- sagði hann: „Við gerum þetta bara svona og svona og svona,“- og þar frameftir götunum. - Eins og aðrir á staðnum þá heillaðist höfundur líka af málskrúðinu og góðri framkomu mansins. - Til að byrja með.

Skyndilega er eins og hulu sé svipt af augum höfundar og það opinberast fyrir honum hvers kyns var og hann hrópaði þar sem hann sat: „Gætið ykkar. Gætið ykkar. Ekki trúá því sem þessi maður er að segja við ykkur. Hann lýgur. Þetta er Satan. „- Ókyrrð kom á salinn við þessi hróp og vissu

menn ekki hvernig skildi taka á þessu og voru ósköp eðlileg viðbrögð fólks við hinu óvænta. Þá snýr þessi maður sér að höfundi og hvæsir milli samanbitinna vara og allt annað en brosmildur: - „Þegi þú þarna strák hvolpur. „ - Þetta var það sem hann sagði og var þar með horfin og sást ekki lengur. Bara hvarf. Sisvona.

Satan kann enga aðferð aðra en hana að flýja af hólmi þegar kraftur Guðs og trúin í hjarta mannsins opinberast honum.

Sem vonlegt er þá varð uppi fótur og fit á staðnum. Allir í salnum sáu vitaskuld manninn og líka er hann hvarf þeim sjónum og eins og gufaði upp fyrir augum þeirra. - Og lauk sýninni eða draumnum hér.

Kannski trúir þú ekki svona lýsingum. En höfundur kallar Drottinn sjálfan sér til vitnis um að hér er sannleikur sagður. Það er þessi ægilegi sannfæringarkraftur óvinarins sem er svo skelfilegur. Þessi sami sannfæringarkraftur bjó í orðum mannsins í sýninni eða draumnum en var samt lygi frá rótum og gagnslaus orð. Að sjá hversu menn á staðnum urðu yfir sig heillaðir af málskrúðinu og því sem hann hafði að segja er merki um þær aðferðir sem skelmirinn notar og hefur notað til að halda sínu sæti í mannheimum. Hann getur vel heillað fólk gersamlega upp úr skónum. Þessi maður sagðist hafa lausn á vanda alls heimsins og talaði af mikilli rökfestu og eins og sá sem veit. Og er það ekki einmitt á þennan veg sem antikristur mun tala þegar hann opinberast á jörðinni? Telja menn ekki að hann muni koma með lausnir á miklum vanda heimsbyggðarinnar? Þessi góðlátlegi, brosmildi maður í sýn höfundar gersamlega átti salinn eins og hann lagði sig. Svo kom opinberun frá hæðum og gaf sína aðvörun og afhjúpaði skelminn og hann flúði eins og alltaf áður. Nákvæmlega sama gerist þegar antikristur kemur. Maður kemur fram með talanda sem sannfærir kannski ekki allan heiminn en meginhluta hans sem fellur flatur frami fyrir þessum tiltekna einstaklingi vegna þess að þeir þekkja ekki Guð með réttum hætti. Menn munu verða heillaðir af mælskulistinni. Satan hefur oft áður heillað fólk. Til að mynda við skilningstré góðs og illis:

„ En lærisveinar hans spurðu hann, hvað þessi dæmisaga þýddi. Hann sagði: Yður er gefið að þekkja leynda dóma Guðs ríkis, hinir fá þá í dæmisögum, að sjáandi sjái þeir ekki og heyrandi skilji þeir ekki. „ (Lúk 8:9-10) – Orðið eitt hefur í sér nægjanlegan kraft til að afhjúpa lygar Satans.

Höldum okkur áfram við Orð Guðs:

Skoðum aðeins sannfæringarkraftinn sem Satan hefur yfir að ráða og sem maður án Heilags Anda fær ekki séð við eða á afskaplega erfitt með að sjá í gegnum í sínum eigin mætti:

„ Höggormurinn var slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem Drottinn Guð hafði gjört. Og hann mælti við konuna: Er það satt, að Guð hafi sagt: Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum? Þá sagði konan við höggorminn: Af ávöxtum trjáanna í aldingarðinum megum við eta, en af ávexti trésins, sem stendur í miðjum aldingarðinum, af honum, sagði Guð, megið þið ekki eta og ekki snerta hann, ella munuð þið deyja. Þá sagði höggormurinn við konuna: Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og illis. „ (1Mós 3:1-5) – Hér sjáum við mikla slægð, óhugnanlega slægð, en á sama tíma gríðarlegan sannfæringarkraft sem fólkið gein við og að lokum felldi það. Svona er maðurinn. Styrkur hans fellst eins og áður segir í fúsleika hans til að fræðast og vita meira. Hans versti eignleiki er öll þessi trúgirni hans sem hefur leitt svo marga afleiðis sem svo erfitt hefur reynst að eiga við til leiðréttingar eftir að maðurinn er búin að bíta þetta eða hitt í sig:

„ Marta segir: Ég veit, að hann rís upp í upprisunni á efsta degi. Jesús mælti: Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu? Hún segir við hann: Já, herra. Ég trúi, að þú sért

Kristur, Guðs sonur, sem koma skal í heiminn. „ (Jóh 11:24-27) Jesú bar upp einfalda spurningu við Mörtu og fékk til baka einfalt svar frá einlægu hjarta sem sló í þessari konu og var Jesú gefið í trú. -

Um miðjan mars árið 2011 reið gríðarlegur jarðskjálfti yfir byggð eina í Japan og olli mikilli eyðileggingu og mannfalli. Mest munaði þó um mikla flóðbylgju sem reis í kjölfar skjálftans og gekk á land og sópaðu öllu burt sem fyrir henni varð.

Í þessum Japanska bæ er staðsett kjarnorkuver til rafmagnsframleiðslu. Við höggið frá þessum ægilega jarðskjálfta skókust undirstöður versins svo að kælingin sem er nauðsýnleg fyrir sjálfa kjarnakljúfana, eða ofnanna, raskaðist og varð ekki nægjanleg og skapaðist gríðarleg hætta á sprengingu og geislavirkni af þess völdum sem slyppi út í andrúmsloftið. Sjó var dælt til kælingar og urðu sprengingar í þessum ofnum af þess völdum. Slapp lítilsháttar geislun út. En þó ekki í miklum mæli. Engin viðist hafa orðið fyrir skaðvænlegri geislun samkvæmt fregnum af mælingum sem gerðar voru á fólki í grennd við þetta kjarnorkuver. (Skrifað 16 mars 2011. Höfundur)

Engin efast um að öllum öryggisþáttum hafi ekki verið sinnt og allt gert eins og ætlast er til að gert sé með í þessu Japanska kjarnorkuveri. En öryggisþættirnir voru auðsjáanlega ekki nógir til að afstýra öllum skakkaföllum sem sköpuðust við tiltekin skilyrði. Það kom nefnilega jarðskjálfti og stærri jarðskjálfti en áður hefur gerst á þessu svæði sem menn stóðu varnarlausir andspænis.

Vinir! Mannkynið er á ákveðinn hátt komið upp við vegg. Þekkingin, hugsunin, þælingarnar, allir útreikningarnir og svo stórfenglegar framkvæmdirnar hafa leitt okkur á staðinn sem við nú erum á og er nokkuð sem við sitjum uppi með hvort sem okkur líkar það betur eða verr:

„ Margir munu koma í mínu nafni og segja: Ég er Kristur! og marga munu þeir leiða í villu. Þér munuð spyrja hernað og ófriðartíðindi. Gætið þess, að skelfast ekki. Þetta á að verða, en endirinn er ekki þar með kominn. Þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki, þá verður hungur og landskjálftar á ýmsum stöðum. Allt þetta er upphaf fæðingarhríðanna. Þá munu menn framselja yður til pyndinga og taka af lífi, og allar þjóðir munu hata yður vegna nafns míns. Margir munu þá falla frá og framselja hver annan og hata. Fram munu koma margir falsspámenn og leiða marga í villu. Og vegna þess að lögleysi magnast, mun kærleikur flestra kólna. En sá sem staðfastur er allt til enda, mun hólpinn verða. „ (Matt 24:5-13) – Er möguleiki á að við sem nú erum uppi lifum þessa tíma sem Kristur talar um við lærisveina sína fyrir tvö þúsund árum? Og er það hugsanlegur möguleiki skoðað í ljósi sögunnar að það sem Drottinn segir sé sannleikurinn sjálfur? Málið snýst um trú og að trúa því að Biblían sé Orð frá Guði komið og að Guð yfirleitt sé til:

„ Og hinn fjórði hellti úr sinni skál yfir sólina. Og sólinni var gefið vald til að brenna mennina í eldi. Og mennirnir stiknuðu í ofurhita og lastmæltu nafni Guðs, sem valdið hefur yfir plágum þessum. Og ekki gjörðu þeir iðrun, svo að þeir gæfu honum dýrðina. Og hinn fimmti hellti úr sinni skál yfir háseti dýrsins. Og ríki þess myrkvaðist, og menn bitu í tungur sínar af kvöl. Og menn lastmæltu Guði himinsins fyrir kvalirnar og fyrir kaun sín og eigi gjörðu þeir iðrun og létu af verkum sínum. „ (Opb 16:8-11)

Lifið heil. Í Jesú nafni. Amen.

Trú! Hvað er trú?

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman 31 okt. 2011

Biblían er bókin sem kennir okkur vilja Guðs. Vilji Guðs er sá sem Biblían segir hann vera. Orð manna og kennsla manna getur ekki yfirtekið það sem Guð hefur þegar talað þótt oft hafi slíkt verið reynt með þeim raunverulega eina árangri að honum sjálfum var ýtt frá mannlífinu með skelfilegum afleiðingum sem jafnvel hélt mönnum frá Drottni:

„ Jesús svarar þeim: Sannspár var Jesaja um yður hræsnara, þar sem ritað er: Þessi lýður heiðrar mig með vörunum, en hjarta þeirra er langt frá mér. Til einskis dýrka þeir mig, er þeir kenna þá lærdóma, sem eru mannasetningar einar. Þér hafnið boðum Guðs, en haldið erfikenning manna. Enn sagði hann við þá: Listavel gjörði þér að engu boð Guðs, svo þér getið rækt erfikenning yðar. Móse sagði: Heiðra föður þinn og móður þína. og Hver sem formælir föður eða móður, skal dauða deyja. En þér segið: Ef maður segir við föður sinn eða móður: Það, sem þér hefði getað orðið til styrktar frá mér, er korban, það er mustersifé, þá leyfið þér honum ekki framar að gjöra neitt fyrir föður sinn eða móður. „ (Mark 7:6-12) - við sjáum hér að Drottni líkar ekki að menn taki fram í fyrir hendur sínar með eigin kenningum og hugmyndum. Menn mega ekki gleyma þeim sannleika að Orðin sem hann hefur þegar talað eru Orðin sem eru í gildi til eilífdar. Menn læri því að virða og meðtaka Orð Guðs rétt og hafa til þess Heilagan Anda sem leiðbeinir öllum sem Jesú hefur tekið að sér og er raunverulega verk Andans Heilaga. Eftir Orðum Biblíunnar skal því kennt. Og menn dæmi svo um.

Biblían segir við mennina að þeir skuli elska hverjir aðra. Og þá sem skal elska er á sama tíma erfitt að dæma. Látum því af öllu slíku og ástundum kærleika í sannleika. Sem er betra. Ekki satt? Elskan er gegnumgangandi kennsla í allri Biblíunni sem flestum mönnum reynist erfitt að framfylgja, réttara sagt að vera stöðugir í, og er því stöðug og viðvarandi kennsla en með mörgum falleinkunum. En prófið er tekið aftur og svo einu sinni enn. Flestir menn sem á annað borð fylgja Jesú vilja í sínum veika mætti fara eftir því sem hann segir. Trúin og trúargangan hefur kennt þeim sína lexíu sem engin raunverulega deilir við sem þekkir.

Guð er Guð og óaðfinnanlegur sem slíkur en ég maður með mínar takmarkanir og höft sem erfitt getur verið að sætta sig við en maður þarf samt að gera og um annað ekki að ræða. Samt lifa menn í voninni um að höftin gerist færri. Sem og er ástæðan fyrir að kennslan í fræðum Orðsins tekur í sjálfu sér engan enda. Þetta kennir hinum trúða að vera nálægt Jesú og eflast í trúnni sem öndvert gefur honum styrk sem allir trúaðir þurfa svo sannarlega á að halda sem vilja standa sig og standa sig vel á göngunni með Drottni. Þessum örmjóa vegi til lífsins sem Biblían segir um að svo fátt fólk finni. En hinn trúaði er á þessum vegi án þess þó að hafa neitt haft um málið að segja sjálfur á sínum tíma. Allt fyrir náð og miskunn hans sem kom, sá og sigraði allt veldi hin illa og hefur þegar lagt það undir fætur sínar. Biblían segir hann heita Jesú og vera eingetinn Son Guðs. Ekki lítið atriði að vera með þetta á hreinu.

Nafnið Jesú er aflið sem Satan hræðist mest allra nafna á jörðinni. Nafnið Jesú, þessum eingetna aðila sem Biblíuna tilgreinir, er afl sem hefur sigrað allt og allt mun lúta og beygja sig fyrir. Manninum er boðið að beygja sig núna og þiggja líf sitt að launum eða gera við endir daganna þegar engu er hægt að breyta og ekkert hægt að aðhafst né heldur bæta. Helja bíður með opið ginið. og við, sem trúum, höldum trúboðsverkinu áfram og veiklumst ekki í verkinu. Of mikið er í húfi og of margar sálir enn á breiða veginum til glötunar að óásættanlegt er kirkjunni og trúuðu fólki. Svona hugarfar vill Kristur fá að gefa sínum og allir geta fengið sem vilja. En hver vill taka við þessu og stíga út á það og hver hefur svona hugarfar? Vissulega er slíkt fólk til en hópurinn má vel stækka og verða að öflugri breiðfylkingu og betur sýnilegur í mannhafinu. Stór hópur manna samankominn á einum stað er plássfrekur og vekur sína athygli og um leið forvitni hjá fólki.

Fyrir trúna á jörðinni og fólk trúarinnar verður ávallt á brattan að sækja og verkefnin ófáa sem ekkert fara og bíða daginn á enda, vikuna á enda, mánuðinn á enda, árið á enda eftir því að hermenn Guðs komi á svæðið og losi í það minnsta fáeina af þessu fúla breiðstræti og úr fjötrum syndarinnar sem fer illa með allt fólk og leiðir hvern mann rակleitt inn í dauðann sem engin fær snúið við úr en getur

sneitt hjá með ákvörðun sinni í þessu lífi og sagt já við honum sem vann fullnaðarsigur á öllu óvinarins veldi og Biblían segir að heiti Jesú - og fengi sína fyrirgefningu á eigin syndum og haldið lífi.

Getum við meðtekið svona boðskap? Er svona boðskapur einhvers virði í vorum augum? Metum við eigið líf nógu mikið til að meðtaka svona tal? Elskum við fólk svo mikið að okkur finnst við verða að segja því frá?

Verkefni fara ekkert þótt endalaus undanskot og ítrekaðar afsakanir viðgangist hjá allt of mörgu fólki sem Drottinn hefur endurfætt og hefur sjálft margreint blessanir af hans hendi og þegið allskonar lækningu við bæði andlegum og líkamlegum meinum og særindum sem á herjuðu án þess að það hafi neitt ýtt á það að fara nú sjálft af stað og vera blessun til þurfandi fólks. Drottinn fyrir eigin hendur hefur undirbúið jarðveginn og gert allt klárt.

Að vera trúuð manneskja sem vill standa sig merkir þrotlaust starf og óeigingjarnt starf sem krefur manninn síns tíma og oftast nær meiri tíma en viðkomandi kærir sig um að inna af hendi en gerir samt. Svona hugsun og framkvæmd og vilji til verka í Jesú nafni fæst með einum hætti. Þessum: Deyja eigin holdi og vilja og rísa upp í trú sinni og koma fram með þá ákvörðun sína og segja: „Drottinn! Hér er ég og hér er mitt. Notað mig eins og þú vilt. „ – Hve margir vilja þetta ekki og hversu mörgum hefur mistekist sitt þarna af þeirri ástæðu einni að þeir gerðu sér enga grein fyrir afleiðingum orða sinna og hve mikils í raun er af þeim krafist á akrinum. Og þeir, of margir, yfirgefa svæðið. Hvað segir ekki Orðið:

„ Hversu lengi á landið að syrgja og jurtir vallarins alls staðar að skrælna? Sakir illsku þeirra, er í því búa, farast skepnur og fuglar, þar eð þeir segja: Hann sér eigi afdrif vor. Ef þú mæðist af því að hlaupa með fótgangandi mönnum, hvernig ætlar þú þá að þreyta kapphlaup við hesta? Og ef þú ert aðeins öruggur í friðuðu landi, hvernig ætlar þú þá að fara að í kjarrinu á Jórdanbökkum? Jafnvel bræður þínir og skyldulið föður þíns einnig þeir eru þér ótrúir, einnig þeir hafa kallað fullum rómi á eftir þér. Treystu þeim ekki, þótt þeir tali vinsamlega til þín. „ (Jer 12:4-6) - Hér heyrum við merkilegan boðskap sem áréttar að menn verði hendur að Jesú sem ekki bara kennir okkur heldur segir okkur líka hvað við sé að eiga og að trúin sé ekkert gamanmál heldur alvara og lífið sjálft.

Og hvernig er svo lífið? Er ekki lífið fullt af hörmungum, stríðum, brostnum vonum, vinamissi, ofbeldi, þjófnum, hórdómi, höfnun, einelti, ótímabærum dauða manna og Guðleysi? Er ekki lífið svona? Við vildum að það væri öðruvísi, rétt er það. En breytir ekki staðreyndinni að svona er lífið sem við fæddumst inn í hér á jörðinni og réðum engu um hvort við kæmum eða ekki. Og hvernig ætlum við að fara að í öllu þessu hrjóstri ef við fáumst ekki til að horfa raunsæjum augum á það sem er og skiljum að heimurinn er fallinn og fullur af illsku og vondum verkum og verður ekki bjargað. Trúað fólk aðgreini sig því frá heiminum og þessu fallna fyrirbæri eftir atburðinn við skilningstré góðs og ills er syndin kom. Þetta er hægt fá trúin komist að til að merkja sér allt fas einstaklingsins í Kristi. Hinn trúaði gerir sér grein fyrir því að heimurinn liggur allur í hinum vonda. Og þrá hans verður að skilja sig frá honum og dvelja í ljósinu og gera sitt gagn í Jesú.

Þetta vill kenna okkur þá mikilvægu lexíu að vera vel að okkur og skilja til hlítar hvað trú í raun og veru er og hví maðurinn þurfi trú. Hún er til þess að maðurinn gefist ekki upp og telji sig einvörðungu öruggan í friðuðu landi og innanum sína líka og sitt fólk.

Um fram annað þarf maðurinn að treysta Kristi fyrir sínu sem og eigin lífi. Og smá saman lærist honum og hann gerist öruggur í kjarrinu og þar innan um allar hættur. Trúin færir honum heim öryggi og sannfæringu um að hættan nái ekki til sín vegna verndar Drottins. Og hjartað verður rólegt og djörfungin vex. Smá saman bætist í sarpinn. Í Kristi er verndin allt í kring og hvergi autt bil á milli. Líka á Jórdanbökkum.

Jórdanbakkar eins og hér er sagt frá þeim er vitaskuld bara mynd upp á átökin sem hinn trúaði getur þurft að glíma við hvort heldur sem er út á við eða inn á við. Með „Inn á við „er átt við eigin huga og allt saman það. Þar sem öll okkar hörðustu átök eiga sér stað og allir sem vilja líka vita. Aðalatriðið í þessu öllu saman er að gera sér grein fyrir því að Kristur er með. Sé ég í honum og þá verður hann í mér. Þessi hugsun þarf að umbreytast úr efablendni yfir í vel rótfasta trú sem stöðugt sígur til sín næringu úr stofninum þar sem eilífa lífið er og vill leika um manninn og vera í hverri frumu hans og taug. Svona trú fleytir okkur yfir margan erfiðan hjallann.

„ **Því að mitt ok er ljúft og byrði mín létt.** „ (Matt 11:30) - segir Kristur hér. Hann mælir sannleikans Orð sem allir geta farið eftir sem skilja út á hvað málið gengur. Kristur veit hvað hann talar.

En er þessi byrði svo létt? Og ef svo er hví eru þá öll þessi bognu bök sem hvarvetna má sjá að hreinlega sligast undan eigin byrðum og oft hjá fólki sem er endurfætt og gengur, segist alltént ganga, með Jesú? Byrðin verður fólki íþyngjandi af þeirri ástæðu að hjartað gerir ekki vilja Guðs þó kannski allt í manninum sjálfum hrópi eftir þessu. Að gera vilja Drottins eru skilyrðin fyrir léttum byrðum hans. með ördum orðum: Maðurinn þarf að hlýða Jesú:

„ **Ég veit, að ekki býr neitt gott í mér, það er, í holdi mínu. Að vilja veitist mér auðvelt, en ekki að framkvæma hið góða. Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki, en hið vonda, sem ég vil ekki, það gjöri ég. En ef ég gjöri það, sem ég vil ekki, þá er það ekki lengur ég sjálfur, sem framkvæmi það, heldur syndin, sem í mér býr.** „ (Róm 7:18-20) - Páll sýnir okkur með skírurum hætti hve syndin er nálægt manninum og viðurkennir að það var syndin í honum sjálfum (við vitum að syndin býr öll í holdi mannsins, hinu fallna eðli hans) sem kom því til leiðar að hann framkvæmdi raunverulega það sem hann vildi ekki gera en gerði samt. Þetta viðurkennir Páll. Hér er auðvelt að sjá átökin sem menn eiga oft í við sig sjálfa. Freistingin blasir við og æpir á manninn og krefur hann sinnar athygli. Maðurinn berst við trúna upp á líf og dauða og sama spurning kemur upp hvort aflið hafi betur. Trúin ver manninn. En til þess að svo geti orðið þarf hann að vera í Kristi. Já, hér og nú. Því að hver veit fyrirfram hvenær hann hafnar á þessum torfæru Jórdanbökkum? Okkar helsta átaksvæði?

Aftur og ítrekað bendir kennsla Biblíunnar okkur á mikilvægi þess að deyja holdinu og skilja hví svo þarf að vera.

Vantrúin, efablandið hjarta, tortryggni, áhyggjur, og margt annað grípur manninn og færir honum smá saman þungar byrðar sem síga í. Og hann að endingu gefst upp fyrir þeim.

Byrðin verður manni létt sem öllum stundum dvelst í Kristi. Kristur gefur gleði og allan áhuga sem þarf. Allt tendrað og nært af trú. Trúin er nauðsýnleg. Það er í þessum anda sem byrðarnar eru léttar. Sem sagt: Í Kristi.

En hver okkar nær marki þarna? Hver glímur ekki á ýmsum vígstöðum sem allskonar ytri aðstæður hröktu hann út í og komu af einni saman tilfinningasemi og eða auðsæranleika, nema hvort tveggja sé? Þarna og í þessu liggur hluti vinnunnar við að vera trúuð manneskja. Inn í þetta talar Páll með vitnisburði og bendir á glímuna sem hann sjálfur oftsinnis lenti í og beið sjálfsagt oft í lægri hlut fyrir og liggur í sjálfum orðunum. Orð Páls eru uppörvunar orð inn í daginn og akkúrat inn í þessa leiðinlegu glímu manna. Ef Páll, þessi stórmikli postuli sem allir kristnir menn bera ómælda virðingu fyrir, lenti í svona rimmu við sitt eigið hold og þurfti að horfa upp á ósigr, eins og hann sjálfur segir og í raun viðurkennir, til að mynda hér: “ **Hið góða, sem ég vil, gjöri ég ekki** „, hvað þá ég og þú með okkar þúsund vandamál og meirihluti þeirra meira og minna enn óleystur? Hinn trúaði hefur sem sjá má ærið verk að vinna hvort sem er á sínum eigin akri eða akri Guðs á breiða strætinu sem liggur til glötunar og þorri mannkyns er á. Gerum okkur sjálf reiðubúin og hræðumst ekki Jórdanbakka.

Eftir því sem manneskjan, hver sem er, nær betri tókum á aðstæðum, einkum og sérilagi trú sinni, lendir hún sjaldnar í þessum slagsmálum við sig sjálfa og trúna í hjartanu. Þetta merkir öndvert að hann er oftar í þessum styrk Jesú sem býður honum að bera léttar byrðar.

Aftur eru Orð Biblíunnar undirstrikuð fyrir augum okkar og það áréttað hve mikilvægt það sé að gefast upp fyrir sjálfinu heldur afhenta sig Drottni sem gefur rétta kennslu og réttan skilning á hvernig í þessu öllu liggur og fæst einvörðungu gegnum dauða eigin holds og eigin vilja sem yfirfærast svo og lifnar í skírur vilja Guðs. Og maðurinn rís margefldur upp í þessum Anda. Kraftur mannsins í sjálfs sin mætti er mjög lítill og við átök og stöðugt nudd þverr honum skjótt allur máttur og uppgjöfin blasir við þótt um stundarsakir sé ströglad og spyrnt á móti. Samt mun þreytan ná yfirhöndinni. Hann þarfnast aflsins frá Heilögum Anda Guðs og Orðsins sem tekur sér bólfestu í hjartanu.

Fyrir þessu vill Drottinn opna augu fólks. Og það byrjar að sjá. Ekki svo að skilja að menn séu blindir í hinu náttúrulega. Þegar talað er um blindu eða sjáandi augu í andlegum skilningi er alltaf átt við annars vegar andlega hluti og um leið ósýnilega berum augum og hins vegar náttúrulega. Andleg augu fá ekki opnast nema Kristur heimili. Heimild Drottins gefur manninum rétt til að skoða í kringum sig eins og Jesú sér. Sjáið hér forréttindi hins trúaða. Ætti þetta eitt og sér ekki að vekja okkur endalaust af þakklæti til hans sem þannig opnar á sannleikann sem á móti fæðir af sér sjón og rétta mynd? Vont er vont og gott er gott og menn fá að sjá þetta svona í sannleika. Augu Drottins blekkja engan en sýna þess í stað veruleika og stundum ápreifanlegan en ekki uppskrúfaða og fegraða mynd einhvers sem ekki er en menn láta eins og sé. Þetta er munurinn á að vera undir náð og miskunn trúarinnar sem þekur manninn með sannleikanum á bak og brjóst og syndinni sem lýgur og smyr manninn lyginni daginn út og inn og rangt verður rétt og rétt rangt. Öllu er snúið á hvolf þar sem syndin ræður ríkjum:

„ **Og í munni þeirra var enga lygi að finna, þeir eru lýtalausir.** „ (Opb 14:5)

„ **Og alls ekkert óhreint skal inn í hana ganga né sá sem fremur viðurstyggð eða iðkar lygi, engir nema þeir einir, sem ritaðir eru í lífsins bók lambsins.** „ (Opb 21:27)

„ **Úti gista hundarnir og töframennirnir og frillulífismennirnir og manndrápararnir og skurðgoðadýrkendurnir og hver sem elskar og iðkar lygi.** „ (Opb 22:15) - Drottinn vill gefa fólki hreinar varir og hreina tungu og veit að til að svo verði þarfnast maðurinn hreins hjarta. Munnurinn mælir allt sem í hjartanu býr. Trúin og Orðið er þessi hreinsilögur og bænin bætir um betur og styrkir trúna. Í bæninni upplifa menn kraft Guð á margvíslegan hátt.

Opin augu koma af því að menn eiga Heilagan Anda sem sér um þetta. Þegar svona er talað er átt við augu sem Jesú sjálfur hefur fengið að opna og sjá því í kringum sig eins og hann sjálfur sér. Augu sem Jesú opnar gerir að verkum að annað yfirbragð kemur á umhverfið og menn byrja að sjá allskonar svipi og verur skjótast um sem heimurinn jafnvel hampar og lítur á sem miklar og merkilegar hetjur en eru það ekki þegar öll kurl komast til grafar og bara púkinn á fjósbitanum sem dældi yfir fólkið eintómum lygum hvenær sem tækifæri gafst. Og hló svo að öllu saman. Brýningin er ætíð hin sama að leyfa Drottni Jesú að sjá sjálfur um alla útskýringu Orðsins fyrir einstaklinga og söfnuði Guðs. Enda heppilegasti farvegurinn fyrir trú mannsins.

Hvernig förum við svo að þessu? Jú. Í upphafi pistilsins er bókar getið sem heitir Biblían og allt trúað fólk veit að er óaðskiljanleg trú manna. Trúin sannfærir menn um að Biblían sé innblásið rit beint frá hjarta Guðs. Einnig sannfærir trúin um að Guð getur ekki haft rangt fyrir sér í neinu atriði. Merkileg hugsun. Finnst ykkur ekki? Bókin talar um sköpunarverk sem merkir að jörðin er hönnuð frá grunni og er því sköpunarverk hans sem hér er nefndur Guð og er sama nafn og stendur í Biblíunni og oftar en einu sinni og tvisvar. Biblían segir líka frá öðru nafni. Og það nafn er nafnið

Jesú og beintengt ákveðinni persónu sem á fleiri en einum stað er sagt um að menn skuli hlýða og fylgja.

Mörg nöfn eru til í heiminum og margir komið fram sem segjast vera eitthvað meira en þeir eru. Biblían varar við mörgu af þessu fólki og kallar afvegaleiðendur, jafnvel fals Krista